




FAERNI- MERKIN

HANDBÓK SKÁTAFORINGJA



FÆRNIMERKIN

Handbók skátaforingja

Bandalag íslenskra skáta

Færnimerkin - handbók skátaforingja

©Bandalag íslenskra skáta

Bandalag íslenskra skáta, Reykjavík 2026

Ritstjórn: Starfsráð BÍS

Hönnun og umbrot: Andrea Dagbjört Vatnsdal Pálsdóttir

Merki og myndefni: Notkun og birting með leyfi rétthafa

Scouterna - the Guides and Scouts of Sweden

Prentun janúar 2026

Bandalag íslenskra skáta

Hraunbæ 123 - 110 Reykjavík

Sími: 550 9800 - skatarnir@skatarnir.is - www.skatarnir.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5	Uppi á fjalli.....	56
Markmiðaflokkarnir	7	Úti á vatni.....	57
Náttúrulega	9	Vertu úti.....	58
Lífsskoðun.....	10	Hnífurinn	59
Þá og nú.....	11	Sögin og öxin.....	60
Varðeldur.....	12	Námskeið í skyndihjálpi	61
Kamarinn	13	Hnýta.....	62
Ofurflokkurinn	14	Binda.....	63
Árstíðir.....	15	Byggja	64
Sjálfbærni	16	Trönubyggingar	65
Loftslag.....	17	Alþjóðaskátun: áskorun	66
Endurvinnsla	18	Alþjóðaskátun: kynnst	67
Sjónlist.....	19	Alþjóðaskátun: læra	68
Ljósmyndun.....	20	Sjófær	69
Sviðslist.....	21	Lífsbjörg.....	70
Tónlist	22	Hvolfa.....	71
Hljóðfæri.....	23	Klifur	72
Leysa	24	Köfun.....	73
Forritun	25	Hellaskoðun.....	74
Góðverk	26	Fyrirmynd.....	75
Samfélagsverkefni.....	27	Traustur félagi.....	76
Plástra.....	28	Hinseginleikinn.....	77
Hjálpa.....	29	Tilheyra.....	78
Bjarga	30	Andleg heilsa	79
Lýðræði.....	31	Líkamleg heilsa	80
Raddsterk.....	32	Umhirða	81
Ofurhetja	33	Sjálfbjarga	82
Aðstoðarkokkur	34	Keppni	83
Kokkur	35	Mitt eigið merki.....	84
Meistarakokkur.....	36	Netlaus	85
Tilraunakokkur.....	37	Vaka.....	86
Kaffitími	38	Netöryggi	87
Neisti.....	39	Sofa að heiman í tvær nætur.....	88
Logi.....	40	Sofa að heiman í 7 nætur.....	89
Bál	41	Sofa að heiman í 30 nætur.....	90
Róður	42	Sofa að heiman í 100 nætur.....	91
Á kafi.....	43	Sofa að heiman í 365 nætur	92
Vatn	44	Everest	93
Ramba	45		
Rata	46		
Skapa	47		
Laga.....	48		
Snjór	49		
Ísfær	50		
Veður	51		
Stjörnubjart	52		
Úti í bæ.....	53		
Úti í skógi	54		
Úti í snjónum.....	55		

INNGANGUR

Kæri skátaforingi,

Færnimerkir eru í sífelldri þróun þó svo grunnur þeirra haldist sá sami. Síðan BÍS tók upp notkun sænsku færnimerkjanna haustið 2018 hafa mörg ný merki bæst við. Einnig hafa einstaka merki dottið út eða breyst. Handbókin kemur í möppu með því markmiði að gera skátafélögunum kleift að halda henni uppfærðri. Mappan þróast því samhliða færnimerkjunum. Þegar breytingar eiga sér stað fær félagið nýja blaðsíðu til útprintunar þegar ný merki koma út eða eldri eru uppfærð. Blaðsíðurnar verða einnig fánlegar útprintaðar í Skátamiðstöðinni. Þá hvetjum við félögin til þess að nýta sér möppuna til þess að halda utan um hugmyndir að verkefnum og dagskrárhringjum, endurmat og annað tengt færnimerkjunum.

Notkun

Færnimerkir eru þess eðlis að einstakir skátar geta unnið að þeim á eigin vegum en einnig flokkurinn eða skátasveitin. Flokkurinn getur til dæmis sett sér markmið að vinna að tveimur til þremur merkjum á önn. Merkin henta vel til þess að skapa dagskrárhring með 3-4 fundum og við hvetjum ykkur til að kafa vel ofan í viðfangsefni merkisins, nýta það sem þema í útilegum, dagsferðum og á fundum. Sveitarforinginn hefur fullt svigrúm til að skapa umgjörð og bæta við verkefnum sem tengjast þemanu. Það er mikilvægt að skátinn finni að hann hafi virkilega unnið sér inn fyrir merkinu og geti borið það með stolti.

Aldursviðmið

Undir hverju og einu merki er tillaga að aldersbili fyrir vinnu við merkin en fylltur reitur táknar ráðlagt aldersbil.



Ráðlagt aldersbil: fálkaskátar og eldri

Þetta er þó ekki regla og sveitarforinginn getur metið það hverju sinni. Ekkert aldershámark er á vinnu við merkin og getur hvaða starfandi skáti sem er unnið sér inn merki. Það er einnig á ábyrgð foringjans að ákveða frekari kröfur fyrir merkin fyrir sinn hóp, sum merki geta hljómað auðveld fyrir drótt- og rekkaskáta. Þá er það foringjans og hópsins að gera verkefnið krefjandi og skemmtilegt.

Stigvaxandi merki

Nokkur merki eru stigvaxandi, til dæmis Plástra-Hjálpa-Bjarga. Til þess að fá hæsta stig þarf ekki að vinna sér sérstaklega inn fyrir þeim sem koma á undan, en það þarf að uppfylla kröfur undanfaramerkjanna. Þannig getur t.d. dróttskáti unnið sér beint inn fyrir Bjarga, án þess að fá Plástra og Hjálpa afhent á undan.



Hjálpa - merki 2 af 3

Tenging við markmiðaflokkana

Til þess að tryggja að skátastarfið reyni á fjölbreytt þroskasvið einstaklingsins notum við markmiðaflokkana fjóra þegar við veljum viðfangsefni skátanna. Markmiðaflokkarnir eru fjórir; leiðtogafærni, skapandi hugur, heimurinn og umhverfið og tilveran mín.

Til þess að einfalda skátaforingjum að setja saman fjölbreytta dagskrá höfum við bætt við hvert merki tengingu þeirra við markmiðaflokkana.

Lesi má meira um markmiðaflokkana á næstu síðum. Aftast í möppunni má einnig finna dagskráramma hvers aldersbils en veggspjöldin gefa almenna yfirsýn yfir skátadagskráramma.

Pantanir

Skátabúðin tekur við pöntunum á merkjunum á skatabudin@skatarnir.is en þau má einnig versla í Skátabúðinni í Hraunbæ 123. Skátabúðin leitast til þess að eiga öll merkin til á lager. Þó getur komið upp sú staða að einstaka merki seljist upp tímabundið. Við mælum því með að versla merkin tímalega.

Önnur merki í hvatakerfinu

Pátttökumerki

Merkin eru með brons, silfur og gull borða, eitt fyrir hvert ár aldursbils. Byrji skáti á öðru ári aldursbils, fær hann silfurmerki, byrji skáti á lokaári aldursbils fær hann gullmerki o.s.frv.

Stikumerki

Merkin eru unnin með því að fara ákveðna vegalengd á eigin afli í einni ferð.



Koma í 5, 10, 15, 20, 30, 50, 75, 100 km.

Hæðamerki


Merkin eru unnin með því að fara í ákveðna hæð yfir sjávarmáli á eigin afli.



Koma í 60, 200, 330, 600, 900, 1400, 2000 m.

Könnuðamerki

Skátar sem eru að ljúka aldursbili fá tækifæri á að vera könnuðir. Sem könnuðir þurfa þau að vinna að sérstökum verkefnum á síðasta árinu sínu og skrásetja ferlið í könnuðabækur. Rekkaskátar vinna að forsetamerkinu í 2-3 ár, vegferð sem lýkur á því að forseti Íslands býður forsetamerkishöfum til Bessastaða þar sem merkið er afhent.



Afhending merkja

Það er sveitarforingi, dagskrár- eða félagsforingi félagsins sem staðfestir að unnið hafi verið fyrir merkinu. Við hvetjum ykkur til að búa til ykkar eigin hefðir í sveitinni eða í félaginu í kring um hvernig merkin eru afhent.

Skátabúningur

Gert er ráð fyrir að færnimerkinn séu saumuð undir félagsmerki á hægri ermi.

Stuðningur

Til að kynnast merkjunum betur hvetjum við sveitarforingja til að mæta á hringborð skátaforingja, Kveikju eða aðra álíka viðburði þar sem fjallað er um dagskrármál.

Einnig má leita beint til starfsráðs (starfsrad@skatarnir.is) eða erindreka BÍS (erindrekar@skatarnir.is)

Gangi ykkur vel og góða skemmtun. Fyrir hönd starfsráðs BÍS.

MARKMIÐAFLOKKARNIR

Hvernig getur skátahreyfingin eflt börn og ungmenni þannig að þau fái tækifæri til að þroska og þróa hæfileika sína og getu til að verða sjálfstæð og virk í samfélaginu?

Þegar við leyfum börnum og ungmennum að spreyta sig á fjölbreyttum verkefnum í skátastarfi, sjáum við þau vaxa á öllum sviðum. Til þess að tryggja að skátastarfið reyni á fjölbreytt þroskasvið einstaklingsins notum við markmiðaflokkana fjóra þegar við veljum viðfangsefni skátanna.

Þegar við tölum um framfarir einstaklingsins innan skátahreyfingarinnar þýðir það að við viljum hjálpa börnum og ungmennum að þroskast innan þessara fjögurra sviða eða markmiðaflokka: leiðtogafærni, heimurinn og umhverfið, tilveran mín og skapandi hugur. Þessir fjórir flokkar taka saman á einfaldan hátt markmið skátahreyfingarinnar til þess að stuðla að víðtækum þroska einstaklingsins, þ.m.t. líkamlegum, vitsmunalegum, félagslegum, tilfinningalegum og andlegum þroska. Aftast í möppunni má finna yfirlit með tengingum markmiðaflokkanna við hvert aldursbil. Það er einnig að finna á heimasíðu skátanna.

LEIÐTOGAFÆRNI



Leiðtogafærni

Frá upphafi fær skátinn tækifæri til að leiða hóp jafnaldra og hvatningu til að taka af skarið í samstarfi og lausnaleyti. Til að byrja með fær skátinn ábyrgð á hluta af verkefnum flokksins en smátt og smátt gefst tækifæri að spreyta sig á flóknari verkefnum. Stærri verkefni geta verið t.d. að vera sveitarforingi eða stjórna stórum viðburðum.

Hópurinn

Flokkastarf gefur færi á að æfa sig í samvinnu í litlum hópum og taka virkan þátt í starfinu á eigin forsendum. Hver og einn hefur sitt hlutverk innan flokksins og hópurinn velur sér verkefni í sameiningu.

Samskipti

Skátarnir fá tækifæri til að kynnast ólíkum einstaklingum, mynda ný vinatengsl og átta sig á eigin tilfinningum og annarra. Skátarnir læra að setja sín eigin mörk og eignast aukin skilning og virðingu á mörkum annarra.

SKAPANDI HUGUR



Lausnaleyti

Skátarnir öðlast færni í að leysa flókin verkefni innan skátastarfs sem utan. Viðfangsefni og verkefni eru bæði huglæg og verkleg. Skátarnir fá öryggi í að prófa sig áfram og finna nýjar lausnir á alls kyns vandamálum.

Gagnrýnin hugsun

Í heimi ofgnóttar upplýsinga er mikilvægt að læra að meta uppruna og gildi upplýsinga. Skátarnir fá þjálfun í að skoða og rýna í upplýsingar og mynda sér sjálfstæða skoðun á viðfangsefninu.

Ímyndunarafl og listræn tjáning

Skátarnir fá rými til þess að gleyma sér í töfrandi heimi ævintýranna og fá tækifæri til að láta ímyndunaraflið flæða. Hvort sem það er myndræn útfærsla, söngur, leikur, sögur, dans eða að búa til skemmtilegt þema fyrir útilegu.

HEIMURINN OG UMHVERFIÐ



Heimurinn

Skátahreyfingin er friðarhreyfing. Skátarnir öðlast skilning á heiminum, bæði nærumhverfi og fjarlægari stöðum, hvernig hægt sé að stuðla að jafnrétti í heiminum og öðlast skilning á að framlag allra skipti máli.

Náttúran

Í skátastarfi er útivist mikilvægur hluti af þroskaferli skátans. Samband skátans við náttúruna dýpkar tilfinningu fyrir margbreytileika hennar og krafti. Þyki okkur vænt um náttúruna göngum við betur um hana.

Samfélagið

Virk þátttaka í samfélaginu eykur lýðræðisvitund og gefur okkur tækifæri til að hafa áhrif á eigið líf, umhverfið og heiminn allan. Skátarnir brenna fyrir málefnum sem gera heiminn betri. Markmið skátanna er öflugt ungmennalýðræði þar sem ungmenni hafa áhrif á samfélag sitt og eru leiðtogar í umbótum í nærsamfélaginu.

TILVERAN MÍN



Tilveran

Með því að velta fyrir sér hvað skiptir okkur máli eða hvernig lífi við viljum lifa, kynnumst við sjálfum okkur betur og það hjálpar okkur til að taka afstöðu til grundvallarspurninga, hvort sem er innan eða utan skátahreyfingarinnar. Engar spurningar eru of stórar til að velta fyrir sér.

Eigin gildi

Okkar persónulegu gildi tengjast því hver við erum og fyrir hvað við stöndum. Hvað er mikilvægt fyrir mig og hvernig tengjast mín gildi, þeim gildum sem skátahreyfingin stendur fyrir.

Sjálfstraust, sjálfsábyrgð og sjálfsþekking

Skátarnir vita hvað þeir vilja, hvað þeir geta og hvað er þeim mikilvægt. Skátinn veit að hann er góður eins og hann er. Sjálfstraust og sjálfsþekking er forsenda þess að skátanum líði vel í starfi.

Áskoranir

Þau sem þora að ögra sjálfum sér, hafa alla möguleika til þess að standast áskoranirnar, læra meira um sig sjálf og þroskast á allan hátt. Áskoranir geta verið fjölbreyttar og reyna á skátana á marga vegu.

Líkaminn

Skátarnir læra um líkama sinn, hvað hefur áhrif á hann að utan sem innan og hvernig viðeigandi áskoranir reyna á líkamann.



Gagnrýnin hugsun



Náttúran



Tilveran

NÁTTÚRULEGA

Skátalíf er útilífi! Með því að kynnast náttúrunni í öllu sínu veldi og leggja sig fram við að þekkja umhverfi sitt og alla þá möguleika sem náttúran hefur að bjóða, verður bæði auðveldara og skemmtilegra að njóta útiverunnar.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Náttúrulega þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þekkja algengar tegundir trjáa, plantna og dýra í þínu nærumhverfi
- Vita hvar er hægt að finna upplýsingar um annað áhugavert sem þú sérð í náttúrunni
- Þekkja hvað má og má ekki gera í náttúrunni á Íslandi (almannaréttur)



Eigin gildi

Tilveran

Sjálfsstraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking

Leiðbeiningar varðandi framkvæmd færnimarkisins

- Byrja á einföldum spurningum – byggja síðan ofan á eftir aldri.
- Notað myndlíkingar – t.d. að lífsskoðun sé eins og áttaviti sem hjálpar manni að rata í gegnum lífið.
- Skapa öruggt rými – þar sem allir mega segja sína skoðun án þess að hræddir séu við að vera dæmdir.
- Gera þetta að samtali, ekki kennslu – spyrja meira en segja.
- Notað fjölbreyttar leiðir – samtöl, leiki, myndir, tónlist.

LÍFSSKOÐUN

Kjarni merkisins er að læra að ígrunda stóru spurningarnar í lífinu, kynna ólíkum sjónarhornum og móta sína eigin lífsskoðun – með virðingu fyrir öðrum og þeim fjölbreytileika sem gerir heiminn ríkari.

Lífsskoðun getur byggst á trú (t.d. kristni, búddisma, íslam) eða á veraldlegum hugmyndum (t.d. húnisma, heimspeki eða einfaldlega eigin gildum). Hún er í raun leiðarvísir sem hjálpar okkur að skilja heiminn og ákvarða hvernig við viljum lifa lífinu.

Hver og einn má hafa sínar eigin hugmyndir. Það eru engin rétt eða röng svör, heldur að læra að setja orð á lífsskoðun sína og bera virðingu fyrir því sem aðrir hugsa.

Lífsskoðun er það hvernig einstaklingur lítur á lífið, tilveruna og hvað er mikilvægt.

KRÖFUR

Til að fá færnimarkið „Lífsskoðun“ þarftu að þekkja til og geta rætt eftirfarandi atriði í flokknum þínum. Taktu þér góðan tíma í verkefnið og ígrundaðu vandlega hvers þú hefur orðið vísari.

- Veltu fyrir þér eftirfarandi spurningum:
 - Hvaðan komum við?
 - Hvað er rétt og rangt?
 - Hvað gefur lífinu tilgang?
 - Á hvað trúir þú?
 - Hvað í þinni trú/lífsskoðun færir þér hamingju?
 - Er eitthvað sem hindrar þig í að hafa þessa trú/lífsskoðun?
 - Hvað er gott í þinni trú/lífsskoðun?
 - Er til guð/ir?
- Hefur trú/lífsskoðun þín e.t.v. haft áhrif á skátastarf þitt? Á hvaða hátt?
- Veltu fyrir þér tvemur af fjórum eftirfarandi áskorunum:
 - Veltu fyrir þér plánetiunni Jörð, alheiminum og hvernig allt varð til.
 - Finndu textabrot, ljóð, lag eða atriði í kvikmynd eða sjónvarpsþætti sem þér finnst lýsa vel þinni lífsskoðun og hvernig þú vilt hafa þínu lífi. Deildu því með öðrum í flokknum/sveitinni þinni og ræðið og rökstyðjið valið.
 - Talaðu við einhvern af annarri kynslóð (foreldrar eða afar/ömmur) hvernig lífið var þegar þau voru á þínum aldri. Á hvað trúðu þau? Hefur eitthvað breyst síðan þá?
 - Athugaðu hversu marga þú þekkir sem aðhýlast aðra trú/lífsskoðun en þú, vinir, skólafélagar, nágrannar o.s.frv. Taktu viðtöl við einhverja tvo þeirra sem eru virkir í sinni trú/lífsskoðun og leggðu fyrir þau spurningarnar að ofan.
- Kynntu niðurstöðurnar fyrir flokknum/sveitinni þinni.



Gagnrýnin hugsun



Heimurinn



Áskorun
Eigin gildi

ÞÁ OG NÚ

Það er mikilvægt að þekkja sögu og þróun skátahreyfingarinnar til að skilja betur hugmyndafræðina á bak við skátastarf. Skátahreyfingin hófst fyrir meira en 100 árum síðan í Bretlandi og er í dag stærstu æskulýðssamtök í heiminum.

KRÖFUR

Til að fá færnimærkið Þá og nú þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þú þarft að þekkja hvernig og hvers vegna skátastarf hófst
 - Hvað gerðu skátar í starfi sínu þá sem við gerum enn í dag?
 - Hvernig hefur þróun samfélagsins mótað skátahreyfinguna?
- Kynntu þér WOSM, WAGGGS, BÍS og skátafélagið þitt
- Berðu saman skátalög og skátaheit þá og nú, t.d. 1907 og svo í dag.
 - Af hverju heldur þú að þau hafi tekið breytingum?
 - Hvernig heldur þú að þau muni líta út árið 2100?
- Berðu saman sögu skátafélagsins þíns og sögu annars skátafélags á Íslandi.



Ímyndunarafl
Listræn tjáning
Hugurinn

VARÐELDUR

Hugtakið varðeldur er í skátastarfi annað orð yfir kvöldvöku og er notað þegar skátar safnast saman, oft í lok dags, oft við varðeld en ekki alltaf. Fyrir mörg er varðeldurinn einn af hápunktum dagsins þar sem þau njóta samverunnar og deila upplifunum, sögum, söngvum og skemmtiatriðum fluttum af skátunum sjálfum.

Varðeldar geta brunnið bæði hratt og rólega, stutt og lengi og verið alþjóðlegir eða staðbundnir. Margir söngvarnir eru vel þekktir, aðrir framandi, sumir á íslensku og aðrir á framandi tungu. Við suma eru hreyfingar, misflóknar og erfiðar. Taktu þátt í varðeldum, deildu söng- eða leikhæfileikum þínum, lærðu nýja söngva, hlustaðu á snarkið í eldinum og njóttu stemningarinnar. Eins og annað í skátastarfi snýst varðeldurinn um virka þátttöku skátanna sjálfra í að skapa gæðastund og stemningu.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Varðeldur“ þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Taka þátt í þremur mismunandi varðeldum/ kvöldvökum t.d. með sveitinni þinni, félaginu þínu eða á skátamóti.
- Lærðu a.m.k. fimm nýja varðeldasöngva (sem þér finnst skemmtilegir).
- Lærðu varðeldasöng á framandi tungumáli.
- Taktu þátt í að flytja skemmti- eða söngatriði með flokknum þínum við varðeld/á kvöldvöku.



KAMARINN

Við förum á klósettið á hverjum degi og yfirleitt án þess að hugsa mikið um það. Það er mikilvægur hluti af daglegu heilbrigði okkar. Ef allur líkaminn á að vera hamingjusamur þurfum við að hugsa um meltinguna sem aftur hefur áhrif á allan líkamann. Þegar við erum úti í ævintýraferðum getur verið ein flóknasta og erfiðasta ákvörðunin, hvar, hvenær og hvernig ætti ég að gera þarfir mínar? Hvernig geri ég það á hreinlegan og öruggan hátt?

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Kamarinn“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Ræða hvernig hægt er að gera kamarinn eða ferðasalernið að öruggum og eðlilegum stað
- Ræða hvernig þú hugsar um líkama þinn þegar þú ert í útilegu eða á ferð þannig að þér líði líkamlega vel. Um hvað þarftu að hugsa til að viðhalda hreinlæti þegar kemur að mataræði, svefni og andlegri heilsu?
- Hafa talað um magaverki, að hafa lausar eða harðar hægðir og hvernig maður meðhöndlar það þegar maður hefur ekki aðgang að heimili og salerni.



Lausnaleit



Náttúran



Áskoranir
Líkaminn



OFURFLOKKURINN

Í skátunum vinnum við oft í hópum eða flokkum. Til að flokkurinn vinnu sem best er mikilvægt að þekkja sína styrkleika og veikleika, ásamt því að þekkja styrkleika og veikleika hinna sem eru með þér í flokknum. Einnig þarf hópurinn í heild sinni að skoða hvaða styrkleika hann hefur og hvaða færni gæti flokkurinn þurft að bæta til að verða öflugri flokkur.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Ofurflokkurinn“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Ræðið hvað flokkur/sveit er, hvaða eiginleikar eru mikilvægir til að vera virkur þátttakandi í hóp
- Skoðið og kynnið ykkur flokkakerfið innan skátahreyfingarinnar
- Skoðaðu styrkleika og veikleika þína. ræðið innan flokksins
- Prófið að gera 3 mismunandi verkefni sem flokkurur t.d. leysa dulmál, koma með uppfinningu eða taka að sér að skipuleggja viðfangsefni. Ræðið hvar styrkleikar flokksins eru
- Prófaðu nýtt hlutverk innan flokksins og sjáðu hvað breytist



Leiðtogafærni

Hópurinn

Samskipti



Sjálfsstraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking

Eigin gildi



ÁRSTÍÐIR

Veðrið getur verið ansi breytilegt á Íslandi. Í skátastarfi er útivist mikilvægur hluti af starfinu. Þetta færnimerki hvetur þig til að fara út og gista úti allt árið um kring. Undirbúðu þig vel og farðu út með skátavinum þínum.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Árstíðir“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Gista a.m.k. eina nótt úti í hverjum mánuði í heilt ár. (Þurfa ekki að vera tólf mánuðir í röð)
- Gera eitthvað sem tengist viðkomandi árstíð í hverri ferð, s.s. leika í snjónum, sparka haustlaufum og taka mynd af því
- Halda dagbók þar sem kemur fram hvernig er að gista úti í ólíkum árstíðum. Kynna fyrir öðrum skátum hvað lærðist af því að takast á við náttúruöflin allt árið um kring og góð ráð til að upplifa hverja árstíð í gegnum náttúruöflin



Hópurinn



Gagnrýn hugsun
Lausnaleit



Náttúran



Áskoranir
Líkaminn



Gagnrýnin hugsun
Lausnaleit



Náttúran
Heimurinn
Samfélagið



Eigin gildi

SJÁLFBÆRNI

Sjálfbærni er að mæta þörfum í dag án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Sjálfbærni liggur á þremur meginstoðum: samfélagi, efnahag og náttúru.

Sjálfbærni er ekki verkefni sem lýkur heldur þörfum við að vera sívakandi og taka skýra afstöðu til þess að við viljum hafa áhrif til góðs. Öll ríki Sameinuðu þjóðanna hafa samþykkt 17 heimsmarkmið til sjálfbærni. Fyrir árið 2030 á að útrýma fátækt, minnka óréttlæti, stuðla að auknum friði og leysa loftslagsvána. Ef öll leggja sitt lóð á vogarskálarnar eru okkur allir vegir færir. Það er mikilvægt að öll séu meðvituð um hvað sjálfbærni er og hvernig þú og þitt nánasta getið lagt ykkar af mörkum.

Á Skátavefnum má finna hugmyndir sem miða að því að tengja skemmtilegt skátastarf við heimsmarkmiðin: <https://skatarnir.is/heimsmarkmid/>

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Sjálfbærni“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Vita hver heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni eru
- Skilja hvað sjálfbærni þýðir fyrir þig
- Skipuleggja átak sem stuðlar að aukinni sjálfbærni og hrinda því í framkvæmd t.d. með því að minnka sorp í heilan mánuð, endurnýja gamla hluti, vera virk í að dreifa jákvæðni á samfélagsmiðlum eða breyta því hvernig þú ferðast á milli staða
- Deila því sem þú gerðir með öðrum, t.d. á samfélagsmiðlum eða í dagblöðum
- Ígrunda hvernig til tókst og hvernig þú getur haldið áfram að láta gott af þér leiða í átt að sjálfbærni heimsins



Gagnrýnin hugsun
Lausnaleit



Náttúran
Heimurinn
Samfélagið



Eigin gildi

LOFTSLAG

Þátttaka ungs fólks í baráttunni gegn loftslagsvæðni er alheimsafl sem hefur áhrif á ríkisstjórnir, stórfyrirtæki og annað fólk í valdastöðum um heim allan. Taktu þátt í baráttunni! Lífstíll okkar hefur áhrif á jörðina en lofthjúpur hennar hlýnar með hverju árinu. Koltvísýringur og aðrar gróðurhúsalofttegundir safnast fyrir í lofthjúpunum og valda hnattrænni hlýnun með tilheyrandi náttúruhamförum, bráðnun jökla, hækkandi sjávaryfirborði, ofsaveðrum og þurrkum.

Það hefur óhjákvæmilega mikil áhrif á líf okkar í nútíð og framtíð og við verðum að bregðast við til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Í sameiningu getum við komið með nýjar og ferskar hugmyndir til að hægja á þessari neikvæðu þróun.

KRÖFUR

Til að fá færniþema „Loftslag“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Reikna út kolefnisfótspor þitt
- Draga úr kolefnisfótspori þínu í heilan mánuð t.d. með því að hjóla í stað þess að nýta ökutæki, gerast grænkeri eða grænmetisæta og kaupa notað frekar en nýtt
- Leiða átak í skátafélaginu eða sveitinni þinni sem hefur það að markmiði að minnka útblástur, t.d. með fjáröflun fyrir sólarsellum á skátaskálann, skipuleggja og stýra fjallgöngu þar sem allt nestið er vegan, bæta flokkun úrgangs og kynna leiðir til að draga úr matarsóun í útilegum og skátamótum



ENDURVINNSLA

Við eigum aðeins eina jörð og til þess að við sem hana byggjum getum notið hennar sem lengst er mikilvægt að við göngum vel um hana. Skátar taka virkan þátt í að reyna að vernda jörðina og viðhalda henni og það er best gert með því að vita hvernig við höfum áhrif á hana og hvað við getum gert til að minnka skaðleg áhrif okkar

KRÖFUR

Til að fá færnimerkid „Endurvinnsla“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:



Gagnrýnin hugsun
Lausnaleit



Náttúran
Heimurinn



Eigin gildi

- Flokkurinn ræðir sína daglegu rafmagnsnotkun og setur sér markmið um að minnka hana. Eftir t.d. mánuð má skoða hvernig gekk að minnka notkunina.
- Kynntu þér um hve langan veg þarf að flytja matvæli áður en þau koma í matvörubúðina í nágrenni þínu og hvaða áhrif það hefur á hvaða mat þú velur að kaupa
- Kynntu þér hversu mikið af náttúruauðlindum t.d. rafmagn eða vatn, þarf til að framleiða tiltekna vörur t.d. mat, föt eða rafmagnstæki. Ræddu við flokkinn/sveitina þína um hvernig þið getið haft áhrif á það hvaða vörur þið notið
- Standa fyrir hreinsunarátaki (ásamt flokknum/sveitinni) þar sem rusli er safnað saman og allt sem er nýtilegt er annaðhvort selt eða gefið til endurnýtingar
- Vita hvar í nágrenni þínu er hægt að kaupa notaða hluti og ræða við flokkinn/sveitina um hvað af því sem hægt er að kaupa sé við hæfi að nota aftur t.d. föt, húsgögn, íþróttabúnað, tjöld, leikföng, mataráhöld og gleraugu
- Sjá um flokkun á heimilissorpi í 2 vikur - vigta og taka saman magn í hverjum sorpflokki.
- Ræða við flokkinn og fjölskylduna hvernig hægt er að minnka sorp og auka þann hlut sem fer í endurvinnslu



SJÓNLIST

Að taka upp kvikmynd er skemmtilegt og fjölbreytt verkefni. Hér færðu meðal annars tækifæri til að prófa að vera leikari, læra allt um tæknina á bak við kvikmyndagerð, vera skapandi og/eða láta reyna á hæfileika þína sem leikstjóri. Ef afraksturinn er góður er hægt að senda myndina inn í stuttmyndasamkeppni. Kannski er þetta upphafið að farsælum ferli í kvikmyndabransanum!

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Sjónlist þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Taktu þátt í að búa til stuttmynd (t.d. eitt eða allt eftirfarandi)
 - Skrifa handrit, finna tökustaði og leikmuni, æfa, leika, taka upp og klippa
- Stuttmyndin þarf að vera fimm mínútur að lengd og tekin upp á mismunandi stöðum.
- Sýnið hinum flokkunum eða sveitinni afraksturinn
- Endurmetið hvernig til tókst



Hópurinn
Samskipti



Hugurinn
Ímyndunarafl og
listræn tjáning



Áskorun
Eigin gildi



LJÓSMYNDUN

Mynd er minning en einnig endursögn af reynslu í daglegu lífi okkar. Það eru margar mismunandi gerðir af myndavélum sem henta við mismunandi tilefni. Hver er munurinn á myndavélinni í símanum og þeirri sem hangir um háls ferðamanna? Í færnimerkinu ljósmyndun færðu að rannsaka mismunandi gerðir myndavéla og öðlast skilning á því hvernig stillingar á myndavél hafa áhrif á lokaútgáfu myndarinnar.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Ljósmyndun þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þú þarft að skilja hvenær er viðeigandi að taka mynd og hvenær ekki
- Þú þarft að skilja þann rétt sem þú hefur varðandi myndir sem eru teknar af þér
- Prófaðu mismunandi gerðir myndavéla og reyndu að þekkja muninn
- Lærðu á stillingar á myndavél t.d. ISO, lokahraði og ljósop og hvaða áhrif þær hafa á myndina
- Prófaðu að taka myndir í mismunandi birtu og berðu saman niðurstöðurnar
- Flokkurinn segir sögu eingöngu með ljósmyndum



Hópurinn
Samskipti



Lausnaleit
Ímyndunarafl og
listræn tjáning



Áskorun
Eigin gildi



SVIÐSLIST

Með því að taka þátt í leiksýningu þjálfarðu þig á mörgum sviðum, t.d. í að tjá þig, sýna tilfinningar og áræðni í að koma fram fyrir framan aðra. Það krefst bæði undirbúnings og hugrekksis. Að setja upp leiksýningu með flokknum eða sveitinni getur líka verið frábær leið til að kynnst hvert öðru betur og vinna betur saman. Það gæti verið frábært tækifæri til fjáröflunar að setja upp stóra sýningu og selja inn á hana.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Sviðslist þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Settu upp leiksýningu eða leikþátt og sýndu öðrum
 - Búðu til handrit, annað hvort frumsamið eða byggt á eldri sögu
 - Útbúðu leikmynd, umhverfi og leikmuni
 - Öll sem taka þátt æfa sig
- Veldu þér hlutverk, þú getur valið hvort þú sinnir öllum eða bara einu
 - Leikstjóri
 - Skrifandi handritið
 - Sjá um sviðsmynd
- Endurmetið hvernig til tókst með öllum hópnum



Hópurinn
Samskipti



Ímyndunarafl og
listræn tjáning



Áskorun
Eigin gildi



Samskipti



Ímyndunarafl
Listræn tjáning



Sjálfskraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking.

TÓNLIST

Að spila, hlusta á eða búa til tónlist saman er frábært hópefli og eitthvað sem öll ættu að prófa.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Tónlist“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Prófa mismunandi leiðir til að skapa tónlist, t.d. með því að syngja mismunandi raddir, keðjusöng, spila á hljóðfæri eða annað
- Ræða mismunandi tónlistarsmekk skáta-sveitarinnar og hlusta á fjölbreytta tónlist
- Hlusta á tónlist sem kallar fram mismunandi tilfinningar, sorglega, glaðværa o.s.fv.
- Semja nýjan texta við lag og syngja og spila það saman í sveitinni, eða semja lagið líka.



HLJÓÐFÆRI

Að spila á hljóðfæri er skemmtilegt, líkamleg áskorun og getur líka verið leið til að virkja ímyndunaraflíð og tjá tilfinningar. Hægt er að aðlaga færnimerkið að þeim hljóðfærum sem þú hefur aðgang að og þeirri kennslu sem er í boði.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Hljóðfæri“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:


- Læra að spila lag á hljóðfæri
- Geta lesið einfaldar nótur
- Læra tækniæfingar sem henta hljóðfærinu þínu
- Vita hvernig hljóðfærið þitt virkar og hvernig á að sjá um það
- Spila 2 skátalög eftir nótum



Ímyndunarafl
Listræn tjáning
Lausnaleit



Áskoranir



Leiðtogafærni



Hugurinn

Lausnaleit

Listræn tjáning


LEYSA

Að reyna að leysa gátur, dulmál eða þrautir er skemmtileg áskorun fyrir flest en það er ekki síður gaman að geta haft samskipti við önnur án þess að utanaðkomandi viti hvað þið eruð að segja, skrifa eða teikna.

KRÖFUR

Til að fá færnimærkið Leysa þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Læra á eða búa til tvær mismunandi tegundir af dulmáli eða "leynitungumáli".
- Leysa skilaboð frá öðrum.
- Búa til þín eigin skilaboð með dulmáli.
- Leysa verkefni og þrautir sem byggja á fjölbreyttum grunni eins og t.d. krossgátur, myndagátur, fjársjóðsleit eða sudoku.



Samskipti



Lausnaleit

Ímyndunarafl og
listræn tjáning

Gagnrýnin hugsun

FORRITUN

Með forritun er tækifæri til að nota ímyndunaraflið, búa eitthvað til og þjálfa sig í að leysa vandamál. Þú færð að prófa hvernig forritun virkar og færð tækifæri til að nota hana ásamt skátavinum þínum. Með því að vinna saman færðu tækifæri til að kynnast öðrum á nýjan hátt.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Forritun þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Prófa hvort forritunarrökfræði virkar í raunveruleikanum og sjá hvort hún stenst.
 - Gerið leiðbeiningar sem hjálpar skátavini í gegnum torfæruleið sem þú hefur búið til.
- Leystu forritunarverkefni (paraverkefni eða hópverkefni)
 - Forritaðu eitthvað sem þú hefur fundið upp sjálf. T.d. gæti það verið leikur, vélmenni, vefsíða, smáforrit eða Minecraft server.
 - Þú getur valið að nota forrit eða tæki sem auðveldar forritun eða skrifað kóða á forritunarmáli. Það fer eftir fyrri þekkingu þinni hvað þú velur.



GÓÐVERK

Eitt æðsta markmið skátaahreyfingarinnar er að stuðla að betri heimi. Að hugsa um hag annarra, sýna góðvild og að vera hjálpsöm kann að virðast sjálfsagt en við þurfum stundum að minna okkur á hvernig við getum best komið að gagni og hjálpað samborgurum okkar.

Að gera góðverk er þegar þú gerir eitthvað sem hjálpar öðrum eða léttir þeirra lund, án þess að þurfa að gera það eða fá fyrir það umbun. T.d. að hjálpa öldruðum, börnum eða einstaklingum sem á þurfa hjálp að halda.



Hópurinn



Samfélagið



Eigin gildi

Tilveran

KRÖFUR

Til að fá færnimarkið Góðverk þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Ígrunda hvernig þú getur gert góðverk.
- Halda dagbók í fyrirfram ákveðinn tíma.
- Flokkurinn eða sveitin ákveður tímarammann í samráði við foringja.
- Skrifaðu, límdu myndir sem þú tekur eða teiknaðu þau góðverk sem þú gerir á tímabilinu.
- Það má t.d. byrja verkefnið á fundi og athuga svo framvindu á næstu tveimur fundum og endurmeta svo á þeim fjórða.
- Markmiðið er að reyna að gera eitt góðverk á hverjum degi.



SAMFÉLAGSVERKEFNI

Skátar eru virkir þátttakendur í samfélaginu leitast við að bæta það með verkum sínum. Færnimarkið Samfélagsverkefni snýst um að stíga út fyrir sjálfan sig og gera eitthvað sem hefur áhrif á aðra og samfélagið. Áherslan er á að axla ábyrgð sem hluti af heild og læra að einstaklingur getur haft jákvæð áhrif með því að gera góðverk sem skiptir máli fyrir aðra og stuðlar að jákvæðum breytingum. Að hafa áhrif á samfélagið snýst ekki síður um að gera þig viðsýnni og breyta lífssýn þinni til frambúðar.

KRÖFUR

Til að fá færnimarkið Samfélagsverkefni þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Gera eitt eða fleiri verkefni sem hafa áhrif á aðra. t.d. standa fyrir fatasöfnun fyrir bágstadda, þrifa almenningssvæði í nærumhverfinu eða aðstoða við staðartengd verkefni (mála, leggja stíga, plockk, gróðursetja). Fjáröflun fyrir góðgerðarsamtök.
- Nota aðferðafræði Plana - Gera - Meta til að halda utan um verkefnið og meta hvort það hafi skilað raunverulegum áhrifum. Ásamt því að skoða hvað einstaklingurinn lærði sjálfur af þessu og hvort það hafi breytt lífssýn og gildum sínum.



Hópurinn



Gagnrýnin hugsun




Samfélagið



Eigin gildi

Tilveran



PLÁSTRA

Forsenda þess að vera skáti og geta tekið þátt í hinum ýmsu ævintýrum er að vita hvað skal gera ef slys og óhöpp verða. Það er mikilvægt að öll í flokknum viti hvað á að gera þegar einhver meiðir sig eða slasast og það er hughreystandi að vita að vinir þínir viti hvað skal gera ef þú meiðir þig í ævintýrum ykkar í skátunum.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Plástra þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Hvernig meðhöndla skal minni sár og skurði.
- Hvernig á að búa um og hækka upp særðan útlím.
- Hvernig hægt er að fyrirbyggja nuddsár (eins og hælssári eða milli fótanna) og hvernig á að meðhöndla þau.
- Vita hverjir eru mikilvægustu hlutirnir í sjúkrakassanum og hvernig á að nota þá.
- Hvernig á að hringja í 112 og hvaða upplýsingar þarf að gefa upp þegar hringt er.



Samskipti



Lausnaleyti



Líkaminn



HJÁLPA

Hjálpa er framhald af færnimerkinu Plástra. Hér lærir þú hvernig hægt er að hjálpa slösuðum, hvað þarf til að veita fyrstu hjálp og hvernig hægt er að koma í veg fyrir að einhver slasi sig. Áður en haldið er af stað í ævintýraferð er mikilvægt að vera viðbúin/n og kunna að meðhöndla áverka og slys sem upp kunna að koma.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Hjálpa þarftu að kunna og geta sýnt flokknum þínum og foringja að þú þekkir og kunnir skil á því sem færnimerkið Plástra krefst af þér, ásamt því að kunna skil á eftirfarandi:

- Að losa um öndunarveg.
- Að leggja í læsta hliðarlegu.
- Að búa um tagnaðan ökkla.
- Að vita hvaða neyðarhjálparbúnað skal hafa með í göngur.
- Sýna að þú getir séð um eigið persónulegt hreinlæti í tjaldútilegu.
- Þekkja einkenni næringar- og vökvaskorts og vita hvernig má koma í veg fyrir hann.
- Þekkja fjögur skref skyndihjálpar.
 - Tryggja öryggi á vettvangi
 - Meta ástand slasaðra eða sjúkra
 - Sækja hjálp
 - Veita skyndihjálp



Samskipti



Lausnaleit



Líkaminn



Samskipti



Lausnaleit



Líkaminn

BJARGA

Bjarga er framhald af færnimerkinu Hjálpa. Til að hjálpa einhverjum í mikilli neyð er mikilvægt að hafa bæði færni og þekkingu til að bregðast rétt við. Auk þess þurfa þau sem vinna að merkinu að geta haft góða yfirsýn yfir slysstað og þora að leggja hönd á plóg við að aðstoða.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Bjarga þarftu að þekkja til og geta sýnt floknum þínum og foringja að þú þekkir og kunnir skil á því sem færnimerkið Hjálpa krefst af þér, ásamt því að kunna skil á eftirfarandi:

- Kunna að lesa í slysstað, forgangsraða og útdeila verkefnum
- Vita hvernig á að meðhöndla beinbrot
- Vita hvernig þú átt að bregðast við bruna eftir reipi
- Kunna að slökkva eld ef kviknar í manneskju
- Vita hvernig á að meðhöndla stærri brunasár
- Kunna að veita grunn endurlífgun
- Vita hvernig á að meðhöndla einhvern sem er meðvitundarlaus vegna ölvunar eða eitrunar, vegna blóðsykurfalls hjá sykursjúkum eða vegna flogaveikiskasts
- Vita hvernig á að meðhöndla kalsár og hvernig skal greina og meðhöndla ofkælingu



LÝÐRÆÐI

Lýðræði snýst meðal annars um að skoðanir allra séu jafn mikils virði og að öll hafi sömu tækifæri til að hafa áhrif á sameiginlegar ákvarðanir. Til að lýðræði virki er mikilvægt að við höfum góðar og skýrar aðferðir til að ákveða hlutina í sameiningu. Hvernig er lýðræði háttað í þínum skátaflokki eða sveit?

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Lýðræði þarftu að kunna skil á eftirfarandi:



Hópurinn
Samskipti



Lausnaleit
Gagnrýnin
hugsun



Eigin gildi

- Ræða í sveitinni þinni um lýðræði, hvernig raddir allra geta heyrst, hvernig best er að taka ákvarðanir o.s.frv.
- Vita hvernig skipulagi er háttað í skátafélaginu þínu, BÍS og WOSM/WAGGGS.
- Hafa tekið þátt í einhvers konar kosningu, t.d. í flokks/sveitarráðinu eða á aðalfundi skátafélagsins.
- Vita hvernig þú getur haft áhrif með því að skrifa ályktun eða tillögu til félagsstjórnar
- Halda fund með sveitinni þinni sem hefur fyrirfram ákveðna dagskrá, fundarstjóra og ritara.
- Hafa prófað með sveitinni/félagi ólíkar aðferðir til að komast að sameiginlegri niðurstöðu.



RADDSTERK

Til að lýðræðið virki þá er mikilvægt að öll geti látið í sér heyra og að á þau sé hlustað. Það er einnig mikilvægt að skilja hvernig lýðræðislegar ákvarðanir eru teknar og hvernig þú getur haft áhrif á ákvarðanatökuna. Með því að vinna að færnimerkinu lærir þú hvernig lýðræðið virkar og hvernig þú getur látið þína rödd heyrast, tekið virkan þátt og haft áhrif.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Raddsterk þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Geta útskýrt lýðræði, kosning, fulltrúalýðræði, beint lýðræði og skyldur/réttindi í samfélaginu.
- Láta rödd þína heyrast með því að taka þátt í lýðræðisleik eða kosningu.
- Búa til eitthvað sem sýnir öðrum hvað lýðræði er, t.d. leikrit, plakat eða gjörningur.
- Taka þátt í aðalfundi skátafélagsins þíns eða öðrum fundi í félaginu þar sem ákvarðanir eru teknar.



Leiðtogafærni
Samskipti
Hópurinn



Lausnaleit
Gagnrýnin
hugsun



Samfélagið



Eigin gildi



OFURHETJA

Hvernig höfum við áhrif, á stórum eða smáum skala? Finndu málefni sem þú brennur fyrir og athugaðu hvernig þú getur lagt þitt af mörkum. Ein getum við gert margt en í samvinnu við önnur getum við flutt fjöll! Ofurhetjur hætta aldrei að berjast fyrir því sem þau brenna fyrir og trúa á, ekki frekar en skátar.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Ofurhetja þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:



Hópurinn



Lausnaleit
Gagnrýnin
hugsun



Samfélagið



Eigin gildi

- Velja þér málefni sem þú vilt hafa áhrif á, t.d. loftslagsmál, einelti, umferðaröryggi, heilsu eða flokkun sorps.
- Ákveða hvernig þú vilt leggja þitt af mörkum, t.d. með því að minnka kjötneyslu, vera vinur allra í bekknum, hjóla daglega í skólann eða tína upp rusl.
- Settu þér markmið um að gera þetta í heila önn.
- Taktu reglulega stöðumat og hjálpaðu öðrum í flokknum að ná sínum markmiðum.
- Í lok annarinnar skaltu meta hvernig til tókst, hvaða áhrif þitt framlag hafði og hvað þetta skildi eftir í þínum eigin reynslubanka.



AÐSTOÐARKOKKUR

Matur er ekki bara öllum nauðsynlegur, að taka þátt í að búa hann til er líka afar spennandi og skemmtilegt verkefni. Hér færðu tækifæri til að læra hvernig á að elda einfaldan mat og að gera það sjálf/sjálfur/sjálft.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Aðstoðarkokkur þarftu að þekkja til og geta sýnt floknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þekkja mikilvægi hreinlætis þegar kemur að matargerð.
- Taka þátt í að búa til mat, bæði innan- og utan-dyra, t.d. með prímus.
- Geta með aðstoð foringja fylgt einfaldri uppskrift og taka virkan þátt í matargerðinni, frá upphafi til enda, þar til rétturinn er tilbúinn.



Gagnrýnin hugsun



Líkaminn



KOKKUR

Kokkur er framhald af færnimerkinu Aðstoðar-kokkur. Hér færðu að taka þátt í skipulagningu fyrir matargerð og að elda flóknari rétti á mismunandi vegu.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Kokkur þarftu að hafa lokið færnimerkinu Aðstoðarkokkur og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Geta skipulagt matseðil fyrir helgarútilegu.
- Geta fylgt uppskriftum og eldað mat með fjölbreyttum hráefnum, bæði innan- og utandyra, t.d. yfir opnum eldi.
- Þekkja hvað hefur áhrif á geymslupól hráefna og hvernig er best að geyma hráefni svo þau endist sem lengst.



Hópurinn
Samskipti



Gagnrýnin hugsun



Líkaminn



Hópurinn
Samskipti



Gagnrýnin hugsun



Samfélagið



Eigin gildi
Líkaminn

MEISTARAKOKKUR

Meistarakokkur er framhald af færnimarkinu Kokkur. Færnimarkið miðar að því að fræðast enn frekar um mat og matargerð ásamt því að þjálfast í gerð matseðla fyrir útilegu.

KRÖFUR

Til að fá færnimarkið Meistarakokkur þarftu að hafa lokið færnimarkinu Kokkur og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Geta skipulagt matseðil fyrir vikulanga útilegu, tvær helgar eða sambærilegt
- Gera kostnaðaráætlun
- Velja mat sem er við hæfi fyrir tilefnið
- Hafa í huga geymslu á matvælunum, með tilliti til gildistíma
- Tryggja næringu og hollustu
- Tryggja að eldunaraðferðir séu við hæfi og henti staðsetningu
- Vera meðvituð um ofnæmi, menningarmun, grænmetisfæði o.s.frv.
- Hugsa um hvaðan maturinn sem er valinn kemur, með tilliti til dýra og umhverfis.
- Taka þátt í að búa til að lágmarki þriggja rétta máltíð, bæði innan- og utandyra t.d. með primus, yfir eldi eða með öðrum hætti



Skapandi hugur

TILRAUNAKOKKUR

Tilraunakokkur er færnimerki sem hvetur til nýsköpunar í eldamennsku. Í stað þess að elda á þann hátt sem skátar gera oft, eins og að grilla og nota prímus, verður þú að prófa aðrar aðferðir sem þú hefur ekki gert áður.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Tilraunakokkur“ þarftu að geta sýnt flokksnum þínum og foringja eftirfarandi:

- Skipuleggja eldamennsku með tveimur aðferðum sem þú hefur ekki nýtt áður.
- Taka þátt í að elda með þeim aðferðum sem ákveðið var að nota.
- Kenna öðrum að elda með nýju aðferðunum.



Skapandi hugur

KAFFITÍMI

Það er gaman að bjóða vinum sínum í kaffi. Þegar þú vinnur að þessu merki lærirðu að baka alls konar bakkelsi og færð tækifæri til að halda gott kaffiboð.

KRÖFUR

Veljið að minnsta kosti þrennt af listanum:

- Skipuleggið kaffiboð með 7 mismunandi smákökutegundum.
- Bjóðið vinaflokk í breskt teboð og bakið skonsur fyrir það.
- Skipuleggið matarboð með kökuhlaðborði.
- Haldið kökukeppni með ákveðnu þema. Besta kakan vinnur!
- Blandið saman tveimur bakkelsistegundum og búið til glænýtt bakkelsi. Til dæmis: laufabrauð + kleina = laufkleina.
- Veljið eitt eða fleiri lönd og prófið að baka hefðbundið bakkelsi frá þeim löndum.
- Haldið góðgerðakaffihús og látið hagnaðinn renna til einhvers góðs málefns.
- Lagið kaffi eða kakó yfir opnum eldi.
- Haldið kaffitímann utandyra og notið prímus og önnur útiöldunartæki við undirbúninginn.
- Farið í lautarferð.
- Haldið baksturskeppni þar sem þið þurfið að þróa eigin uppskriftir að bakkelsi.
- Verkefni að eigin vali tengt kaffi og kökum.



NEISTI

Það er gott að vita hvernig hægt er að kveikja upp í lukt eða báli á öruggan hátt. Við bál er hægt að hlýja sér, eiga notalega stund eða elda. Lærðu aðeins um hættur sem geta skapast við opin eld og hvernig er best að haga sér í kringum hann. Lærðu einnig grunnatriði til að geta brugðist við ef þú brennir þig.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Neisti þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Kveikja á eldspýtu og nota hana til að kveikja upp í lukt eða báli.
- Þekkja hættur sem geta skapast af opnum eldi og ræða um hvernig á að haga sér nálægt honum.
- Vita hvað þú átt að gera ef þú brennir þig.



Náttúran



LOGI

Logi er framhald af færnimerkinu Neisti. Þú getur orðið færari í handtökunum sem þarf að beita til að kveikja eld og hvernig á að umgangast hann á ábyrgan hátt, t.d. við eldamennsku, búa til stemningu eða til að hlýja sér.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Logi þarftu að þekkja til og geta sýnt skátafélögum þínum og foringja að þú þekkir og kunnir skil á því sem færnimerkið Neisti krefst af þér, ásamt því að kunna skil á eftirfarandi:

- Vita hvað þarf til að fá eld til að loga vel (súrefni, hiti, eldsneyti)
 - Prófa hvað gerist þegar einhver af þessum þáttum er ekki til staðar.
- Vita hvernig á að útbúa mat yfir opnum eldi.
- Kunna að meðhöndla eld á öruggan hátt, þ.e. hvernig á að koma í veg fyrir að eldurinn geti dreift sér og vera viðbúið að slökkva hann.



Náttúran



BÁL

Bál er framhald af færnimerkinu Logi. Með því að vinna að þessu merki nærðu góðum tókum á öllu sem viðkemur því að meðhöndla eld á ábyrgan hátt.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Bál þarftu að þekkja til og geta sýnt skátafélögum þínum og foringja að þú þekkir og kunnir skil á því sem færnimerkinn Neisti og Logi krefjast af þér, ásamt því að kunna skil á eftirfarandi:

- Finna eldivið í náttúrunni og geta kveikt upp góðan eld og látið hann loga lengi, t.d. með vasahníf og eldspýtum.
- Þekkja mismunandi báltegundir og vita hvaða aðferðir er best að nota t.d. við eldamennsku.
- Geta þekkt ólíkar trjátegundir og vita hvernig mismunandi viður hagar sér í eldi, t.d. hvaða viður gefur mesta hitann eða snarkar mest í.
- Hafa prófað að kveikja upp eld með öðru en eldspýtu/kveikjara, t.d. með stækkunargleri eða eldstáli.



Náttúran



Náttúran



Líkamin
Áskoranir


RÓÐUR

Með róðri má auðveldlega kanna alls kyns vatn-
asvæði. Með því að vinna að færnimerkinu Róður
munt þú læra á árabáta, kajak og kanó.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Róður“ þarftu að geta sýnt
flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Að kunna öryggis- og umgengnisreglur þegar
farið er á árabát, kajak og kanó, bæði úti á vatni
og á landi.
- Þekkja eiginleika árabáta, kajaka og kanóa á
vatni og hvernig skuli bregðast við ef bátum
hvolfir eða ef þú fellur útbyrðis.
- Þekkja hvaða búnað þú þarft við róður og kunna
að nota búnaðinn.
- Sýna að þú hafir náð svo góðum tókum á róðri
að þú getir örugglega siglt og stýrt árabát, kajak
og kanó.



Náttúran

Á KAFI

Með því að vinna að færnimerkinu Á kafi munt þú læra um vistkerfi vatna og hvernig þau virka. Þú rannsakar líf í vatni og allt sem má finna í því, þar á meðal muntu kanna plönturnar og dýrin sem lifa í vatninu og kynnst þeim skilyrðum sem þarf til að líf þrífist í vatni.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Á kafi“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þekkja vötn í þínu nágrenni og hvaða lífverur er helst að finna í þeim.
- Heimsækja eitthvað vatnasvæði í þínu nágrenni og kanna hvað sé að finna í því vatni.
- Rannsaka og þekkja alla þrjá fasa vatns (ís, vatn, gas)
- Hafa grunnþekkingu á hringrás vatns.



Gagnrýnin hugsun



Náttúran
Heimurinn

VATN

Með því að vinna að færnimerkinu Vatn dýpkar skátinn skilning sinn á vatni og áhrifum þess en vatn er að finna alls staðar í kringum okkur. Skátinn öðlast skilning á því hvernig vatn hefur áhrif á líf fólks með ólíkum hætti og skoðar hvernig vatn er forsenda lífs á jörðu og hvers vegna aðgengi að vatni er mikilvægt.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Vatn“ þarftu að geta sýnt floknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Læra um vatnsvinnslu og hvernig við hreinsum vatn
- Kanna neyslu vatns. Ígrundið hvernig við notum vatn, hvaðan vatnið kemur og hvernig við getum breytt vatnsneyslu okkar
- Ígrunda hvernig vatn hefur áhrif á mannkynið og aðrar lífverur
- Kanna hvernig vatnsaðgengi og notkun vatns er annars staðar í heiminum. Hver er munurinn á Íslandi, hvað reiðir fólk sig á annars staðar í heiminum og er möguleiki á að bæta þær aðstæður?
- Velja eitthvað viðfangsefni sem tengist vatni og kannið saman í floknum eða sveitinni, t.d. dreifingu neysluvatns, umgengni um vatnsból, áhrif vatns á veðurfar og ofauðgun vatns.



RAMBA

Sem skáti þarftu að bera ábyrgð og takast á við ólíkar áskoranir. Því er mikilvægt að þér líði vel á ókunnum slóðum og vitir hvert á að halda ef þú villist.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Ramba þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þú þarft að vita hvað þú átt að gera ef þú skyldir villast og hvernig þú getur aukið líkurnar á því að þú finnist.
- Þú þarft að vita hvar þú átt heima og kunna símanúmer foreldra/forráðafólks.
- Hafa upplifað að vera ein/einn/eitt í náttúrunni í skamma stund.




Hugurinn



Náttúran



Sjálfsstraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking
Áskoranir



Hugurinn



Náttúran



Sjálfstraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking
Áskoranir

RATA

Áður en haldið er á vit ævintýranna í óbyggðum er mikilvægt að geta fundið félaga sína og vera fær um að rata. Rata er framhald af færnimerkinu Ramba og fræðir þig um þau tæki og tól sem hjálpa þér við rötun og ratvísi.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Ramba þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Skilja samspil landakorta og náttúrunnar og þekkja helstu tegundir landakorta.
- Geta notað mismunandi tegundir af landakortum, í mismunandi skölum, til að rata og finna eigin staðsetningu, bæði í byggð og náttúru.
- Kunna að nota áttavita og nota hann til að finna höfuðáttir og taka stefnu á leiðarenda.
- Kunna aðrar leiðir til að finna höfuðáttir t.d. með úri, pólstjörnunni eða ummerkjum í náttúrunni.
- Vita hvar þú getur fundið landakort og gervitunglamyndir á netinu.
- Hafa prófað og þekkja grunnvirkni GPS tækja, hafirðu aðgang að því.



Ímyndunarafl og
listræn tjáning



Áskorun

Eigin gildi

Sjálfstraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking

SKAPA

Það er alltaf skemmtilegt að búa eitthvað til í höndunum og það getur verið skemmtileg áskorun. Það getur líka verið frábær leið til að gleyma stað og stund.

KRÖFUR

Til að fá færnimærkið Skapa þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Búa til þrjá ólíka hluti úr þrenns konar efnivið á þrjá ólíka vegu t.d. sveitareinkenni, fuglahús, armband, matarpoki, hnífahulstur, úrklippubók o.s.frv.
- Þú þarft sjálf(t)/ur að ákveða hvernig hlutirnir eiga að líta út og hvernig á að búa þá til.



LAGA

Mikilvægt er að læra að viðhalda hlutum, húsnæði og öðru. Þetta færniþema er frábær hvatning til að betrubæta nærumhverfið þitt, t.d. flokks- eða sveitarherbergið eða skátaheimilið. Þetta mun reyna á þig og flokkinn við raunverulegar aðstæður til að ná settu marki.

KRÖFUR

Til að fá færniþemað Laga þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Búa til, laga eða breyta einhverju í: flokks- eða sveitarherberginu, skátaheimilinu, skátaskálanum eða nærumhverfinu.
- Fá hugmyndir að einhverju sem þig langar að gera áður en þú skipuleggur það.
- Útvega réttan efnivið.
- Fá leyfi frá sveitarforingja eða félagsforingja (eða öðrum viðeigandi aðila) áður en byrjað er á verkinu.
- Að verkefni loknu er mikilvægt að endurmeta hvernig til tókst.



Ímyndunarafl og
listræn tjáning



Áskorun
Sjálfsstraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking



SNJÓR

Snjór er allt í senn fallegur, skemmtilegur og krefjandi byggingarefni. Þegar snjórinn hefur lagst yfir landið breytir það um svip og tekur á sig nýjan og framandi blæ. Leikur í snjónum er ótrúlega skemmtilegur á meðan þú heldur á þér hita, ert þurr og þú og flokkurinn þinn eruð sammála um hvar mörk leiksins liggja. En hann krefst líka ákveðinnar þekkingar, um hvernig best sé að klæða sig, hvernig snjóbyggingar breytast með veðrinu, um hættur á til dæmis snjóhruni og snjóflóðum og tryggja að öll séu að skemmta sér vel.



Hópurinn
Samskipti



Náttúran



Áskoranir
Líkaminn

KRÖFUR

Til að fá færniþemnið „Snjór“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Byggja þitt eigið snjöhús
 - Dróttskátar og eldri, gista í snjöhúsinu ef aðstæður eru fyrir hendi
- Þekkja mismunandi hættur af útiveru í snjó, svo sem vegna snjóhruns, snjóflóða, ofkælingar og kalsára
- Vita hvernig á að þurrka blaut föt, bæði innan- og utandyr
- Fara í leik í snjónum þar sem öll í flokknum eða sveitinni eru sammála um reglur, hlutverk og tilgang



ÍSFAER

Að fara út á frosið vatn gefur þér tækifæri til að njóta þekkts umhverfis frá algjörlega nýju sjónarhorni. Ísinn býður upp á ýmsa skemmtilega notkunarmöguleika svo sem skauta, veiði í gegnum vök eða einfaldlega að njóta víðáttunnar. Þó að ísinn sé skemmtilegt leiksvæði er einnig mikilvægt að þekkja mögulegar hættur og hvernig best er að hegða sér til að koma í veg fyrir þær. Að þekkja eiginleika íssins, hvaða útbúnað þarf að hafa og hvernig á að meta áhættu er skylduþekking allra þeirra sem hætta sér út á hálan ís.



Lausnaleit



Náttúran



Áskoranir
Líkaminn

KRÖFUR

Til að fá færniúmerið „Ísfær“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þekkja og kunna á þann búnað sem nauðsynlegt er að hafa áður en lagt er út á ísinn
- Þekkja hvar mest hættu er á þunnum ís og hvernig er hægt að átta sig á þykkt íssins
- Læra hvernig á að hjálpa einhverjum sem dottið hefur niður um vök
- Reyna að toga þig áfram á ís með hjálp ísbrodda
- Prófa að stunda útivist á ís, svo sem að skauta, veiða í gegnum vök eða skíða
- Ef mögulegt er: prófa að synda í ísvök og koma þér aftur upp á ísinn



VEÐUR

Útivist er einn af meginþáttum skátaaðferðarinnar og því öllum skátum mikilvæg. Eitthvað sem getur haft gífurleg áhrif á reynslu okkar af útivist eru hin mismunandi veðurskilyrði. Flestir gá eingöngu til veðurs til að ákveða hvernig á að búast hverju sinni. En hversu mikið veist þú í raun um veðrið, og hvernig þú átt að undirbúa þig til að upplifun þín af útivistinni verði jákvæð við mismunandi veðurskilyrði, hvort sem það er ausandi rigning, snjóbylur eða glampandi sól?



Náttúran



Gagnrýnin hugsun



Áskoranir
Líkaminn

KRÖFUR

Til að fá færniþema „Veður“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Sýna að þú kunnir að bregðast við hinum ýmsu veðurskilyrðum með því að haga klæðaburði, búnaði eða sjálfu verkefninu í samræmi við þau.
- Kunna skil á þeim upplýsingum um veður sem birtast í náttúrunni. Til dæmis þekkja óveðurský í sjón og kunna að mæla vindátt.
- Prófa að gera tilraunir til að mæla vindhraða.
- Þekkja hin ólíku veðurskilyrði og hvernig þau hafa áhrif á líkamann og umhverfið. Þegar talað er um hin ólíku veðurskilyrði er t.d. verið að tala um kulda, hita, vind, úrkomustig, lægðir, hæðir, raka og eldingar. Einnig má velta fyrir sér hvort samgöngutruflanir og önnur náttúruvá getur haft áhrif.
- Þekkja hvaða þættir hafa áhrif á veðurskilyrði, hvaða upplýsingar má fá úr veðurfréttum og hvernig beri að túlka þær.



STJÖRNUBJART

Sem skátar verjum við miklum tíma undir berum himni. Þá er ekki óalgengt að fólk horfi til himins og virði fyrir sér stjörnurnar. Í margar aldir hefur mannkynið velt stjörnunum fyrir sér og slegið fram alls kyns misgáfulegum kenningum um þær. Með færnimerkinu Stjör nubjart munt þú kanna himinhvolfið og þekkja helstu fyrirbæri sem þar eru að finna; stjörnumerki, sólkerfi, plánetur og aðra gesti sem eiga leið um himinhvolfið.



Náttúran



Gagnrýnin hugsun



Áskoranir

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Stjör nubjart“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Geta þekkt 3 ólík stjörnumerki og sagt frá þeim stjarnfræðilegu fyrirbærum sem mynda þau ásamt tilkomu nafnsins eða tengingu stjörnumerkisins við það.
- Þekkja tunglmánuðinn, kvartilaskipti á tunglinu og hvenær það vex og dvín.
- Þekkja flóðkrafta tunglsins og skilja hví tvö flóð verða á hverjum sólarhring.
- Þekkja muninn á stjörnum, stjörnubokum, plánetum, loftsteinum, gervitunglum, flugvélum og norðurljósum.
- Þekkja gang jarðar um sólu og hvaða áhrif hann hefur á árstíðaskipti og lengd daga.
- Geta staðsett Pólstjörnuna á himni og þekkja gagnsemi og takmarkanir hennar til rötunnar.



Hópurinn



Hugurinn



Náttúran



Áskoranir
Líkaminn

ÚTI Í BÆ

Ein af áskorunum skátastarfs er að ferðast og upplifa ævintýri. Með því að vinna að þessu færni-merki færðu tækifæri til að ferðast, taka þátt í undirbúningi og meta hvernig gekk.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Úti í bæ“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Taka þátt í ferð þar sem gíst er minnst eina nótt innanbæjar. Það fer eftir því hvert og hvenær farið er, hvað í því felst. Það er t.d. hægt að ganga, hjóla, klifra, sigla, róa, skíða eða skauta.
- Taka virkan þátt í undirbúningi, t.d. setja saman útbúnaðarlista, velja leið, ferðamáta, gístistað og matseðil.
- Endurmetið hvernig til tókst með öllum hópnum.



ÚTI Í SKÓGI

Ein af áskorunum skátastarfs er að ferðast og upplifa ævintýri. Með því að vinna að þessu færnimerki færðu tækifæri til að ferðast í skógi, taka þátt í undirbúningi og meta hvernig gekk.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Úti í skógi“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Taka þátt í ferð þar sem gist er minnst eina nótt í skógi. Það fer eftir því hvert og hvenær farið er, hvað í því felst. Það er t.d. hægt að ganga, hjóla, klifra, sigla, róa, skíða eða skauta.
- Taka virkan þátt í undirbúningi, t.d. setja saman útbúnaðarlista, velja leið, ferðamáta, gististað og matseðil.
- Endurmetið hvernig til tókst með öllum hópnum



Hópurinn



Lausnaleit



Náttúran



Áskoranir
Líkaminn



ÚTI Í SNJÓNUM

Ein af áskorunum skátastarfs er að ferðast og upplifa ævintýri. Með því að vinna að þessu færnimerki færðu tækifæri til að ferðast í snjó, taka þátt í undirbúningi og meta hvernig gekk.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Úti í snjónum“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Taka þátt í ferð þar sem gist er minnst eina nótt í snjó. Það fer eftir því hvert og hvenær farið er, hvað í því felst. Það er t.d. hægt að ganga, hjóla, klifra, sigla, róa, skíða eða skauta.
- Taka virkan þátt í undirbúningi, t.d. setja saman útbúnaðarlista, velja leið, ferðamáta, gististað og matseðil.
- Endurmetið hvernig til tókst með öllum hópnum



Hópurinn



Lausnaleit



Náttúran



Áskoranir
Líkaminn



UPPI Á FJALLI

Ein af áskorunum skátastarfs er að ferðast og upplifa ævintýri. Með því að vinna að þessu færnimerki færðu tækifæri til að ferðast og gista á fjalli, taka þátt í undirbúningi og meta hvernig gekk.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Uppi á fjalli“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Taka þátt í ferð þar sem gist er minnst eina nótt uppi á fjalli. Það fer eftir því hvert og hvenær farið er, hvað í því felst. Það er t.d. hægt að ganga, hjóla, klifra, sigla, róa, skíða eða skauta.
- Taka virkan þátt í undirbúningi, t.d. setja saman útbúnaðarlista, velja leið, ferðamáta, gististað og matseðil.
- Endurmetið hvernig til tókst með öllum hópnum



Hópurinn



Lausnaleit



Náttúran



Áskoranir
Líkaminn



ÚTI Á VATNI

Ein af áskorunum skátastarfs er að ferðast og upplifa ævintýri. Með því að vinna að þessu færnimerki færðu tækifæri til að ferðast, taka þátt í undirbúning og meta hvernig gekk.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Úti á vatni“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Taka þátt í ferð þar sem gist er minnst eina nótt úti á vatni, fleka eða eyju. Það fer eftir því hvert og hvenær farið er, hvað í því felst. Það er t.d. hægt að ganga, hjóla, klifra, sigla, róa, skíða eða skauta.
- Taka virkan þátt í undirbúningi, t.d. setja saman útbúnaðarlista, velja leið, ferðamáta, gististað og matseðil.
- Endurmetið hvernig til tókst með öllum hópnum



Hópurinn



Lausnaleit



Náttúran



Áskoranir
Líkaminn



VERTU ÚTI

Að vera úti í náttúrunni, hvort sem er á skátamóti eða á göngu, getur verið ögrandi áskorun þegar kemur að skipulagningu, samvinnu og persónulegri ábyrgð. Einnig getur það verið ákaflega mismunandi eftir því á hvaða tíma ársins útiveran er, t.d. með tilliti til veðurs og hitastigs. Færnimærkið Vertu úti miðar að því að þú upplifir hvernig það er að takast á við náttúruna á eigin spýtur.

KRÖFUR

Til að fá færnimærkið „Vertu úti“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þú hafir sofa eina nótt aleitt/ein/einn úti í náttúrunni
- Skipuleggja hvar og hvenær þú ætlar að gista og hvernig þú kemur þér á staðinn
- Þú hafir kynnt þér eftirfarandi:
 - Staðarreglur varðandi t.d. opinn eld
 - Veðurspá og annað sem gæti breytt dag-skránni með stuttum fyrirvara
 - Hvernig þú sækir þér hjálp ef eitthvað kemur uppá og hafðu með þér neyðarbúnað
- Skipuleggðu hvaða mat þú tekur með þér og hvernig hann verður eldaður
- Skipuleggðu hvernig þú sækir þér hjálp ef eitthvað kemur uppá og hafðu með þér neyðarbúnað
- Ígrundaðu hvernig þér leið á meðan dvölinni stóð, fyrir og eftir og hvort og hvernig það er frábrugðið því að vera í hópi



Náttúran



Áskoranir

Líkaminn

Tilveran

Sjálfsstraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking



HNÍFURINN

Hnífur er öflugt, fjölnota verkfæri sem getur einnig verið hættulegt sé óvarlega farið. Best er að gera verkefni sem eru líkust raunverulegum aðstæðum svo ljóst sé hvenær sé við hæfi að beita hnífnum og þá hvernig. t.d. með því að nota hann til að undirbúa öll stig varðelds, skera bönd/reipi í súrringar eða til að skera út tótem. Það að fá að bera merkið segir meira um þroska og ábyrgð skátans en þekkingu hans á notkun hans. Það er í höndum skátaforingjans að meta hvort skátinn hafi öðlast þá þekkingu og sýni þá ábyrgð sem þarf til að nota hnífinn í skátastarfi.



Samfélagið



Ímyndunarafl

Listræn tjáning



Sjálfsstraust,
sjálfsábyrgð
og sjálfsþekking

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Hnífurinn“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Hvernig nota skal hníf án þess að slasa sjálfan þig eða aðra
- Hvernig á að afhenda öðrum hníf og ganga frá honum eftir notkun
- Sýna fram á rétta meðhöndlun hans svo hann skemmist síður eða ryðgi
- Þekkja til helstu laga um hnífa og notkun þeirra
- Vita hvað mismunandi hlutar hnífa kallast
- Kunna að brýna hnífinn
- Tálga eitthvað nytsamlegt á öruggan máta (sem foringinn þinn hefur samþykkt fyrirfram)



SÖGIN OG ÖXIN

Sög og öxi eru öflug, fjölnota verkfæri sem geta einnig verið hættuleg sé óvarlega farið. Til að öðlast færnimerkið „sögin og öxin“ þarf að leysa ákveðin verkefni sem ætlað er að auka þekkingu og skilning skátans á því hvernig meðhöndla skal þau á öruggan hátt. Verkefnin eru bæði verkl-egar æfingar og samræður um það hvað beri að hafa í huga hverju sinni. Best er ef verkefnin séu sem líkust raunverulegum aðstæðum svo ljóst sé hvenær sé við hæfi að beita verkfærunum og þá hvernig. t.d. með því að höggva eldivið til að gera varðeld eða að fella minni tré við grysjun.



Samfélagið



Ímyndunarafl

Listræn tjáning



Sjálfsstraust,
sjálfsábyrgð
og sjálfsþekking

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Sögin og öxin“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Hvernig nota skal sög og öxi án þess að slasa sjálft þig eða önnur
- Vita hvernig á að ganga frá verkfærunum svo auðvelt sé að flytja þau án þess að þau skemmist eða skemmi aðra hluti
- Þekkja mismunandi hluta sagar og axar
- Vita hvernig á að geyma verkfærin þegar þau eru ekki í notkun (t.d. yfir nótt í útilegu eða þegar þau eru sett í geymslu)
- Kunna að brýna öxi og skipta um blað í sög
- Kunna að nota öxi til að höggva til greinar eða trjádrumba og búa til eitthvað nýtsamlegt úr þeim



NÁMSKEIÐ Í SKYNDIHJÁLP

Samkvæmt reglum Bandalags íslenskra skáta skulu allir sveitarforingjar mæta á skyndihjálparnámskeið sem haldið er af BÍS eða annað sambærilegt námskeið.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Námskeið í skyndihjálpi“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Hafa sótt skyndihjálparnámskeið sem haldið er af BÍS fyrir sveitarforingja eða annað sambærilegt námskeið (8 tíma).
 - Námskeiðið skal miða að því að þátttakendur öðlist trausta þekkingu og verklega færni í skyndihjálpi og endurlífgun.
 - Að auki skal sérstök áhersla lögð á að efla öryggisvitund þátttakenda og stuðla að forvörnum við slysum í ólíkum aðstæðum.
 - Á námskeiðinu er unnið með verklega kennslu þar sem þátttakendur fá að æfa raunverulegar aðstæður og bregðast hratt og rétt við bráðatilfellum.



Leiðtogafærni



Lausnaleit



Samfélagið



Líkaminn

Áskoranir

Sjálfstraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking



HNÝTA

Það er gott að vita hvernig hægt er að kveikja upp í lukt eða bál á öruggan hátt. Við bál er hægt að hlýja sér, eiga notalega stund eða elda. Lærðu aðeins um hættur sem geta skapast við opin eld og hvernig er best að haga sér í kringum hann. Lærðu einnig grunnatriði til að geta brugðist við ef þú brennir þig.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Hnýta þarftu að þekkja til og geta sýnt flokksnum þínum og foringja eftirfarandi:

- Að þú kunnir þrjá ólíka hnúta.
- Vitir til hvers er hægt að nota hnútana.



Lausnaleit
Hugurinn



Áskoranir



Lausnaleit
Hugurinn



Áskoranir


BINDA

Snærisspotta eða reipi má nota á ótal skemmtilega vegu, sérstaklega úti í náttúrunni. Hnýta kennir þér að leysa fjölbreytt verkefni með aðstoð snæris og hnúta.

KRÖFUR

Til að fá færnimærkið Binda þarftu að kunna og geta sýnt flokknum þínum og foringja að þú þekkir og kunnir skil á því sem færnimærkið Hnýta krefst af þér, ásamt því að kunna skil á eftirfarandi:

- Getu hnýtt fimm ólíka hnúta, notað þá til að leysa alvöru verkefni og vita við hvaða tilefni hvaða hnútur hentar best.
- Þekkja ólíkar tegundir af snæri og reipi og vita við hvaða tilefni er gott að nota hvaða tegund.
- Kunna að búa til talíu og nota hana til að lyfta, draga eða spenna eitthvað upp.



Hópurinn
Samskipti



Lausnaleit
Ímyndunarafl og
listræn tjáning



Áskoranir


BYGGJA

Að byggja eitthvað stórt og nytsamlegt er skemmtileg áskorun. Það er frábær leið til að æfa sig í skipulagningu og til að finna nýjar og spennandi lausnir. Það er líka gaman að byggja eitthvað sem allur flokkurinn getur haft gaman af.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Byggja þarftu að þekkja til og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Geta skipulagt og byggt stóra trönubyggingu, t.d. þrautabraut, aparólu, hengirúm eða hlið.
- Fyrsti hluti verkefnisins er að hanna bygginguna, t.d. með því að teikna hana upp eða búa til líkan
- Næst skal skipuleggja hvernig framkvæma á verkið og hvaða verkfæri og efnivið þarf til
- Að byggingu lokinni er tilvalið að leyfa öðrum að prófa hvernig til tókst. Ekki gleyma að ganga vel frá



TRÖNUBYGGINGAR

Á skátamótum rísa oft flóknar og tilkomumiklar trönubyggingar. Hvernig ætli þær séu búnar til?

Það eru til margar leiðir til að reisa tilkomumiklar trönubyggingar og um leið ögra sér og flokknum. Láttu hugmyndaflugið reika og byggðu það sem þér dettur í hug, t.d. sturtu fyrir tjaldbúðina, hæsta turninn í tjaldbúðinni eða hringekju fyrir yngstu skátana. Hannaðu þína eigin trönubyggingu eða fáðu hugmyndir frá öðrum.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið Trönubyggingar þarftu að hafa lokið færnimerkinu Byggja og geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þekkja og skilja hvað þarf til að byggingin og framkvæmdin sé örugg og trygg.
- Prófa að setja saman fimm mismunandi trönubyggingar sem hafa mismunandi notagildi, t.d. hlið inn í tjaldbúð, fleka eða eldhúsaðstöðu.
- Leiða byggingu trönubyggingar út frá þinni eigin hönnun.
- Meta trönubyggingar og notagildi þeirra eftir að þær hafa verið reistar.



Hópurinn
Samskipti



Lausnaleit
Ímyndunarafl og
listræn tjáning



Áskoranir



ALÞJÓÐASKÁTUN: ÁSKORUN

Skátahreyfingin er alþjóðleg hreyfing og það eru skátar í yfir 160 löndum. Mikilvægur þáttur í skátastarfi er að kynnst skátum frá öðrum löndum, þannig stuðlum við að friði í heiminum. Skátar í öllum löndum hafa gaman af alls konar áskorunum. Til þess að fá þetta merki þurfið þið að finna upp á einhverri áskorun og skora á að minnsta kosti einn skátaflokk frá öðru landi að klára áskorunina.



Heimurinn
Samfélagið

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Alþjóðaskátun: áskorun“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Flokkurinn þarf að hafa samband við skátaflokkka frá að minnsta kosti tveimur löndum og kynnst þeim.
- Búið til áskorun og skorið á vinaflokkinn ykkar að klára hana. Þið ákveðið hver áskorunin er. Dæmi: Hver getur súrrað hæsta turninn eða tjaldað hraðast.
- Biðjið vinaflokkinn ykkar að gera áskorun fyrir ykkur.



ALÞJÓÐASKÁTUN: KYNNAST

Skátahreyfingin er alþjóðleg hreyfing og það eru skátar í yfir 160 löndum. Mikilvægur þáttur í skátastarfi er að kynnast skátum frá öðrum löndum, þannig stuðlum við að friði í heiminum. Með því að heimsækja skátafélög í öðrum löndum öðlast maður betri skilning á skátahreyfingunni allri.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Alþjóðaskátun: kynnast“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Skipuleggja ferð þar sem þið heimsækið skáta frá öðru landi.
- Gerið eitthvað með vinaflokknum sem er dæmigert að gera í íslensku skátastarfi.
- Endurmetið heimsóknina. Er skátastarfið hjá vinaflokknum ólíkt því sem þið eigið að venjast? Hvernig?
- Segið öðrum skátum í skátafélaginu ykkar frá heimsókninni.



Heimurinn
Samfélagið



ALÞJÓÐASKÁTUN: LÆRA

Skátahreyfingin er alþjóðleg hreyfing og það eru skátar í yfir 160 löndum. Mikilvægur þáttur í skátastarfi er að kynnast skátum frá öðrum löndum, þannig stuðlum við að friði í heiminum. .

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Alþjóðaskátun: læra“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Komist að því hvernig er að vera skáti í einhverju öðru landi.
- Hafið samband við eða hittið skáta frá öðru landi og komist að því hvað er sameiginlegt og ólíkt með skátastarfi í ykkar löndum.
- Læra eitthvað nýtt frá skáta úr öðru landi; hróp, söng, hnút eða hefðir.



Heimurinn
Samfélagið



SJÓFÆR

Hvernig þú hegðar þér á sjó hefur áhrif á öryggi þitt og annarra sjófarenda. Á sjó og vatni er mikilvægt að virða þær reglur sem gilda og tryggja að öryggi sé í algjörum forgangi. Færnimerkið „Sjófær“ snýst um að skátarnir læri að umgangast sjóinn með sem öruggustum hætti, bæði þeirra vegna og annarra.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Sjófær“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þekkja þær reglur sem gilda úti á sjó
- Þekkja mikilvægustu siglingamerkin og mikilvægi þeirra
- Þekkir til og getur notað helsta öryggisbúnað og neyðarhandtök um borð t.d. björgunarvesti, koma manneskju um borð, neyðarflotbúnað og flautu.
- Vera vakandi fyrir aðstæðum, fylgjast með umhverfinu og vera tilbúin/n að snúa við eða hægja á ferð ef þörf krefur.
- Athuga veðurspá áður en farið er út á sjó.



Hópurinn




Lausnaleit



Náttúran



Áskoranir



LÍFSBJÖRG

Skáti ber ábyrgð á sjálfum sér og jafnvel fleirum, oft við fjölbreyttar aðstæður. Hluti af því að “vera viðbúinn”, er að vera undirbúinn og hafa þjálfað sig við öruggar aðstæður sem getur skipt sköpum þegar alvaran verður meiri. Í færnimerkinu „Lífsbjörg“ fá skátarnir að æfa sjálfsbjörgun og björgun annarra úr lífshættulegum aðstæðum við vötn og sjó. Hægt er að aðlaga færnimerkið til að þjálfja björgun fyrir sérstakar aðstæður, svo sem köfun, siglingar, kajak eða sund.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Lífsbjörg“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Vita hvernig á að nota björgunarbúnað t.d. björgunarhring og líflínu
- Þekkja og eða þær aðstæður sem geta komið upp við leik og störf í sjó og vatni og hvernig skuli bregðast við
- Prófa að “detta í vatn” í alklæðnaði og synda a.m.k 50m
- Æfa samskipti við þau sem eru í lífsháska
- Æfa að bjarga vini við ólíkar aðstæður t.d. frá landi, úr báti eða í vatni
- Geta synt 200m



Hópurinn



Lausnaleit



Náttúran



Áskoranir



HVOLFA

Það er mikilvægt að vita hvað skal gera ef bátnum hvolfir.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Hvolfa“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Vita hvaða öryggisbúnaður er nauðsynlegur þegar farið er á bát
- Detta í vatnið án þess að bátnum hvolfi. Fara aftur í bátinn
- Hvolfa bátnum, snúa honum við og fara aftur í hann
- Huga að eigin vellíðan eftir æfingarnar á bátnum, t.d. fara í þurr föt og hlýja sér
- Skrásetja ævintýrið í máli og myndum



Hópurinn



Lausnaleit



Náttúran



Áskoranir



Náttúran



Áskoranir

Sjálfskraust,
sjálfsábyrgð
og sjálfsþekking

KLIFUR

Að klifra í klifurvegg eða úti í náttúrunni er ótrúlega frelsandi. Þú stefnir sífellt hærra og hærra þar til toppnum er náð! En klifur krefst líka mikils undirbúnings og öryggis sem þarf að kynna sér vel áður en haldið er á hamarinn!

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Klifur“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þekkja og kunna á öryggisbúnað sem er notaður í klifri
- Þekkja helstu hnúta sem notaðir eru í klifri
- Huga að neyðarsíma og gera viðeigandi viðbragðsáætlanir ef klifrað er í náttúrunni
- Geta komið fyrir toppfestri línu með öruggum hætti í klifurvegg og úti í náttúrunni
- Hafa klifrað að lágmarki 5 sinnum upp vegg með toppfestingu
- Hafa sigið að lágmarki 5 sinnum niður vegg með toppfestingu
- Þekkja hvar er hægt að fá upplýsingar um helstu klifursvæði (klifur.is)
- Skilja mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna og þekkja almannarétt í náttúru Íslands
- Vera búin með færnimerkið Hjálpa og geta nýtt þá færni í aðstæðum með tilliti til meiðsla tengt klifri t.d. bruna frá reipi/köðlum, falls, tognunum og brota.



Náttúran



Áskoranir
Sjálfskraust,
sjálfsábyrgð
og sjálfsþekking

KÖFUN

Heimurinn undir yfirborðinu veitir alveg nýja upplifun af vatni. Merkið er hannað með köfun í huga en hægt er að aðlaga það ef ekki er möguleiki á æfingaköfun. Fyrir æfingaköfun þarf alltaf að ráða löggiltan köfunarkennara.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Köfun“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Vita hvernig á að velja, stilla og nota helsta búnað s.s. björgunarvesti, snorkel (köfunargrímu) og sundfit
- Vera búin með færnimerkið Bjarga og geta nýtt þá færni í aðstæðum með tilliti til slysa tengt köfun t.d. meðhöndla súrefnisskort, ofkæling, skurði og fleira.
- Kunna að bjarga manneskju úr vatni og geta framkvæmt endurlífgun
- Snorkl- og köfunartækni, þar með talið stjórn á floti, yfirborðssundi og hreinsun vatns úr snorklinum þínum.
- Klára snorklferð á yfirborðinu með styttri heimsóknunum niður á 2 m dýpi
- Ef mögulegt er, farðu í æfingarköfun undir eftirliti köfunarstjóra og “andaðu” neðansjávar/sundlaug
- Getu sýnt 200m og troðið marvaða í 5 mín í sundlaug



Náttúran



Áskoranir

Sjálfsstraust,
sjálfsábyrgð
og sjálfsþekking

HELLASKOÐUN

Hellar hafa alltaf verið mönnum hugleiknir, hvort sem var til skjóls, sem hýbýli eða sem spennandi staðir til að kanna. Á Íslandi er hella að finna víðsvegar um landið, misstóra og erfiða yfirferðar og því ráðlegt að kanna aðstæður vel og miða við getu og færni hópsins hverju sinni

KRÖFUR

Til að fá færniþing „Hellaskoðun“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Þekkir öryggisreglur áður en haldið er af stað að skoða helli
- Þekkir aðgengi að hellinum sem á að skoða
- Þekkir mikilvægi þess að vera aldrei eitt á ferð í hellaskoðun
- Þekkir hættuna á súrefnisskortri sem getur myndast í óloftræstum rýmum
- Að þú hefir lokið færniþinginu Hjálpa og geta nýtt þá færni í aðstæðum með tilliti til meiðsla tengt hellaskoðun t.d. falls, tognun, brota, höfuðmeiðsla og súrefnisskorts.
- Skoðað þrjá eða fleiri hella
- Prófað mismunandi ljósgjafa í hellinum
- Hafir kynnt þér plöntur og dýr sem kunna að lifa í hellinum
- Kannað hvort það séu þjóðsögur eða ævintýri tengd hellinum sem þú vilt skoða
- Hugsað hvernig fólk hafi nýtt sér hellinn sem þú ert að skoða. Var hann notaður til búsetu, til að geyma fé eða annað?



FYRIRMYND

Skátar vilja vera fyrirmynd annarra. Við trúum því að með því að taka af skarið og sýna öðrum að það sé mögulegt að láta gott af sér leiða þá séum við að stuðla að bættum heimi. Góð fyrirmynd getur gefið þér kraft og hugrekki til að takast á við nýjar áskoranir, taka afstöðu eða leysa flókin úrlausnarverkefni. Þú getur einnig verið slík fyrirmynd fyrir aðra. Það er hvetjandi, skemmtilegt og mikilvægt að leiða með góðu fordæmi og sýna að hægt sé að bæta heiminn.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Fyrirmynd“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Hugleiða hver eru þínar fyrirmyndir og hvers vegna
- Segja frá einhverri þeirra og af hverju þér finnst viðkomandi vera góð fyrirmynd
- Ræða hvaða ábyrgð fylgir því að vera fyrirmynd t.d. gagnvart yngri skátum, bekkjarfélögum eða nágrönnum þínum
- Taka þátt í verkefni eða viðburði þar sem þú getur verið góð fyrirmynd t.d. með því að halda skátafund fyrir yngri skáta, bjóða þig fram í nemandaráð í skólanum, leiða herferð um mikilvæg málefni eða taka frumkvæði varðandi eitthvað sem bætir nánasta umhverfi þitt, bekkjarandann eða umræðuhefðina á samfélagsmiðlum




Leiðtogafærni
Samskipti



Heimurinn
Samfélagið



Áskoranir
Eigin gildi
Tilveran



Hópurinn
Samskipti



Gagnrýnin hugsun



Áskoranir

TRAUSTUR FÉLAGI

Í skátunum eignast maður vini fyrir lífstíð. Það að vera skáti er að vera góður félagi og vinur. En hvað þýðir að vera góður vinur? Svarið er ekki endilega alltaf augljóst, stundum kemur það sjálfkrafa en stundum þarf umhugsun, ígrundun og æfingu.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Traustur félagi“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Ræða í flokknum/sveitinni hvað felst í því að vera góður vinur og traustur félagi.
- Tala um aðstæður sem geta verið erfiðar í vinskapi og hvernig hægt er að bregðast við þeim.
- Gera áætlun hvernig flokkurinn/sveitin getur tekið á móti nýjum skátum og boðið þau velkomin
- Kunna að gera vinahnút
- Vita hvert á að leita ef einhver kemur illa fram við þig eða aðra
- Sýndu vinskapi í verki t.d. með að bjóða einhverjum á fund, setjast hjá þeim sem er einmanna eða senda hvetjandi skilaboð.



Samskipti



Gagnrýnin hugsun



Heimurinn
Samfélagið



Eigin gildi

HINSEGINLEIKINN

Sem betur fer erum við öll ólík og mismunandi. Í samfélaginu okkar eru alls kyns óskrifaðar reglur og viðmið sem segja þér hvernig þú átt að vera og hvernig ætlast er til að þú hagir þér, t.d. í sambandi við kyn, kynhlutverk, kynvitund og kynhneigð. Fólki sem á einhvern hátt fellur utan þessara viðmiða, er því miður ekki alltaf mætt með skilningi og samþykki. Margt fólk sem brýtur gegn þessum viðmiðum skilgreinir sig sem hinsegin.

Þegar fólk mætir mótlæti sökum kyns, kynhlutverks, kynvitundar eða kynhneigðar sinnar þá eru það fordómar. Það er mikilvægt að kynna sér hugtök sem tengjast kyni, kynhlutverkum, kynvitund, og kynhneigð og átta sig á því að við erum ekki öll eins. Þetta getur hjálpað okkur að bregðast við með skilningi þegar fólk í kringum okkur tjáir sig um þessi mál eða jafnvel kemur út úr skápnum sem hinsegin.

Það skiptir máli að öll geti upplifað að þau eigi sinn stað í samfélaginu og að þeirra rödd og tilvera skipti máli. Það er mikilvægt að hafa í huga að hvert og eitt okkar hefur rétt til að velja hvenær, hvernig og við hvern rætt er um okkar eigin kynvitund og kynhneigð. Það skuldar ekkert öðrum útskýringu á kyni sínu, kynhlutverki, kynvitund eða kynhneigð. Með því að vinna að færnimerkinu getum við hjálpað til við að gera viðmið um kyn og kynhneigð sýnilegri og stuðlað að auknum skilningi á fjölbreytileika samfélagsins.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Hinseginleikinn“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Kynna þér þau viðmið og norm sem gilda um kyn, kynvitund, kynhneigð og kyntjáningu. hægt er að sækja margvíslega fræðslu t.d. hjá samtökunum 78 eða otila.is
- Skoða hvernig þessi viðmið og norm birtast í mismunandi aðstæðum t.d. í skólanum, í skátunum eða almennt í samfélaginu
- Hugleiða hvernig þú getur lagt þitt að mörkum til að útvíkka umræðu og mögulega brjóta niður þær venjur og viðmið sem eru í gildi varðandi kyn og hinseginleika
- Kynna þér þessi mál í öðrum samfélögum, löndum og skátabandalögum. Búa öll við sama öryggi, réttlæti og samþykki í mismunandi löndum?



Hópurinn
Samskipti



Gagnrýnin hugsun



Samfélagið



Eigin gildi

TILHEYRA

Við viljum að öll börn og ungmenni fái að tilheyra og taka þátt í skátastarfi. Ekki eingöngu að vera með heldur vera virkir þátttakendur og hafa áhrif á sína eigin dagskrá. Ekkert barn ætti að vera skilið útundan bara vegna þess hver það er eða hvaðan það kemur. Við þurfum því öll að leggjast á eitt til að skapa andrúmsloft þar sem öllum líður vel! Við erum öll ólík og höfum ólíkar þarfir og venjur. Það sem virkar fyrir eitt, virkar ekki endilega fyrir annað. Sumir þurfa að hafa allar upplýsingar á hreinu áður en haldið er af stað, sumir þurfa að taka sér regluleg hlé frá leiknum og sumir gleyma sér endrum og eins. Það er því mikilvægt að taka tillit til þarfa hvers og eins og að saman séum við tilbúinn að gera breytingar eftir því sem við á hverju sinni.

KRÖFUR

Til að fá færnimarkið „Tilheyrar“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Eiga samtál við flokkinn/sveitina um þarfir allra, hvernig þið hugsið og framkvæmið og hvernig þið getið tryggt að öll geti látið ljós sitt skína, nýtt hæfileika sína og tekið virkan þátt
- Þú getir stigið til hliðar, leyft öðrum að komast að og klára að segja það sem þeim liggur á hjarta t.d. í samræðum eða við undirbúning viðburða
- Finna leiðir til að leyfa öðrum að kynnast þér og þínum þörfum betur svo að þín upplifun af skátastarfi verði sem best
- Veltu fyrir þér hvort það séu einhverjar óskrifaðar reglur eða venjur í skátastarfi sem gera öðrum erfiðara um vik að taka þátt
- Láttu til þín taka með því að kynna skátastarf á einfaldan hátt, til dæmis með veggspjaldi eða vefsíðu, þar sem lögð er áhersla á fjölbreytileika og að allir séu velkomnir óháð bakgrunni. Þú getur líka tekið þátt í herferð um málefni sem þér finnst skipta máli og sýnir að þér er annt um jafnrétti og þátttöku allra.



ANDLEG HEILSA

Andleg heilsa snýst um hvernig okkur líður innra með okkur. Það sést ekki að utan á okkur hvernig við hugsum. Til að líða vel er mikilvægt að hugsa vel um líkamlega og andlega heilsu. Í þessu færni-merki leggur þú áherslu á andlega heilsu og einbeittir þér að því hvernig fólki líður innra með sér við mismunandi aðstæður. Ásamt því að skoða hvernig andleg heilsa tengist líkamlegum einkennum.

KRÖFUR

Til að fá færni-merkið „Andleg heilsa“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Skoðaðu Geðorðin 10 og ræðið einnig almennt um vellíðan
- Nefndu hluti sem þér líður vel með og hluti sem valda þér stressi eða kvíða.
- Skoðu hugmyndir þannig þú getir gert meira af því sem þér líður vel með og aðferðir til að takast á við það sem veldur þér stressi eða kvíða.
- Halda vellíðunar fund og nýttu hugmyndir sem þið hafið fengið með því að kynna ykkur vellíðan eða ræða hana. Dæmi um slíkt gæti verið jóga, slökun eða núvitund.
- Skipuleggja og framkvæma góðverk fyrir aðra sem snýr að vellíðan.

Góð ráð:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/lidan/vellidan>

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/lidan/vellidan/gedordin-10/>



Gagnrýn hugsun



Samfélagið



Tilveran

Eigin gildi

Sjálfsstraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking

Líkaminn



LÍKAMLEG HEILSA

Líkamleg heilsa snýst um hvernig líkama okkur líður. Til að líða vel er mikilvægt að hugsa vel um líkamlega og andlega heilsu. Í þessu færnimerki leggur þú áherslu á líkamlega heilsu og einbeitir þér að því að öll erum við með mismunandi þarfir.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Líkamleg heilsa“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Skoða fræðsluefni um svefn, næringu, hreyfingu, tannheilsu og kynheilbrigði. Sjá tillögur hér fyrir neðan.
- Nefna hluti sem skipta þig máli varðandi þessa þætti.
- Búa til skipulag fyrir eina viku sem inniheldur það sem þú telur að sé best fyrir líkama þinn.
- Fylgja skipulaginu í viku.
- Endurmeta og ákveða hvað þú ætlar að taka með þér út í lífið til að efla líkamlega heilsu þína.

Góð ráð:

<https://www.heilsuvera.is/markhopar/ungmennir>

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/naering/radleggingar-um-mataraedi/>

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/hreyfing/radlogd-hreyfing/radleggingar-born-og-ungmennir/>



Gagnrýn hugsun



Samfélagið



Tilveran

Eigin gildi

Sjálfsstraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking

Líkaminn



UMHIRÐA

Ef við hugsum vel um búnaðinn okkar þá endist hann mun lengur og virkar betur. Í færnimarkinu „Umhirða“ lærir þú að hugsa vel um búnaðinn þinn og félagsins og hvernig á að gera við. Búnaður sem endist lengi er sjálfbær til góðs fyrir sjálft þig, skátana og jörðina.

KRÖFUR

Til að fá færnimarkið „Umhirða“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Hvernig á að sjá um persónulegan búnað eins og gönguskó, bakpoka og svefnpoka svo hann virki vel og lengi
- Gera við búnaðinn þinn, t.d. sauma ól á bakpokann, pússa skó eða laga tjalddýnu
- Þekkja búnað skátafélagsins og hvernig hann virkar
- Hjálpa til við umsjón búnaðar sem þú notar í félaginu þínu t.d. axir, tjöld, segl, kanó, björgunarvesti, potta og þess háttar
- Vita hvernig á að geyma og flytja mismunandi gerðir af búnaði í gönguferðum, gistinóttum og skálum.



Lausnaleit



Náttúran



Eigin gildi



SJÁLFBJARGA

Stundum fara hlutirnir öðruvísi en lagt var upp með í upphafi. Kannski gleymdist matarkassinn, rafmagnið fer eða allur eldiviðurinn rennblotnaði á leið í skálann. Þá er mikilvægt að vita hvernig við getum nýtt okkur það sem við finnum í umhverfinu. Við þurfum að vera meðvituð um hverjar grunnþarfir mannsins eru og hvernig hægt er að uppfylla þær við erfiðar aðstæður, bæði heima og úti í náttúrunni.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Sjálfbjarga“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Kynna þér og læra helstu grunnþarfir manna varðandi vatn, mat og hita
- Vita hvað þú þarft að gera til að geta lifað af neyð í 72 tíma
- Vita hvernig á að finna áttir og rata án korts og áttavita
- Búa til öruggan næturstað úti í náttúrunni og eyða einni nóttu þar
- Vita hvað í náttúrunni er óhætt að leggja sér til munns og á hvaða árstíma mismunandi fæðu er að finna t.d. ber, fisk, sveppi eða plöntur



Lausnaleit



Náttúran



Líkaminn



Hópurinn



Ímyndunarafl
Listræn tjáning



Náttúran

KEPPNI

Kappakstur getur farið fram bæði á snjó, landi og á vatni. Að keppa hvert við annað getur verið spennandi og skemmtilegt. gríptu tækifærið til að skora á skátavini þína í spennandi keppni.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Keppni“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Setja upp keppni við skátavini sem inniheldur eftirfarandi
 - Keppni þar sem farartæki keppa sín á milli.
 - Keppni þar sem farið er í gegnum þrautabraut
 - Keppni þar sem ferðast/keppt er með óhefðbundnum hætti. t.d. ferðast með kanó án ára, gönguferð berfætt eða gengið aftur á bak.



MITT EIGIÐ MERKI

Í skátunum er opin vegur fyrir flest öll áhugamál. Þetta merki einblínir á þín áhugamál og hvað þú vilt gera í skátastarfi. Einfaldlega er þetta merki það sem þig langar að það sé. Veldu hvað þig langar að gera og gerðu það. Prófaðu nýja áskorun eða ævintýri sem þig langar að gera en hefur ekki fengið tækifæri til. Engin merki þurfa að vera eins, þetta merki gefur þér tækifæri til að sýna að þú framkvæmir þínar eigin hugmyndir frá upphafi til enda. Þetta merki getur verið annað hvort einstaklings eða hóps verkefni.



Samskipti



Lausnaleit

Ímyndunarafli

Listræn tjáning



Sjálfskraust,
sjálfsábyrgð og
sjálfsþekking

Áskoranir

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Mitt eigið merki“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Finndu hugmynd sem þér líst vel á og láttu foringja þinn vita hver hugmyndin er
- Nýttu hugmyndafræði PGM (plana-gera-meta)
- Settu fram skipulag, markmið og hvernig þú ætlar að meta
- Framkvæmdu verkefnið
- Taktu endurmat á verkefninu
- Kynntu verkefnið fyrir flokknum og foringja



NETLAUS

Sífelld fleiri eru í stöðugt í farsímanum sínum eða tölvunni sinni. Tæknin getur gefið okkur mörg tækifæri en það getur verið gagnlegt að prófa að vera án nettengingar í ákveðin tíma. Þetta færniþema hvetur þig til að skoða hvað þér finnst erfitt við að vera netlaus og skoða hvort það hafi verið einhver jákvæð breyting. Hvernig tekst fólk á við að vera netlaus á mismunandi stöðum í heiminum. Prófaðu að vera netlaus í 48 klukkustundir í þínu daglega lífi.

KRÖFUR

Til að fá færniþema „Netlaus“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Vertu netlaus samfleytt í 48 tíma í þínu daglega lífi innanbæjar, í skóla, í skátastarfi, í miðri viku. Einungis hafa síma eða önnur tæki í öryggisskyni
- Í upphafi skrifar þú lista af hlutum sem þú myndir vanalega gera í nettengingu næstu 48 tímana
- Ræðið hvernig einstaklingar víðsvegar um heiminn takast á við netleysi
- Innan tímarammans reynir þú að gera eins mikið af þessum hlutum og þú getur án þess að nýta nettengingu, t.d. senda póst, skoða veðurspá, skoða kort, leita upplýsinga og spila leiki
- Gefðu þér tíma í lok tímabilsins til að velja þessum hlutum fyrir þér og meta hvað var jákvætt og neikvætt



Samskipti



Ímyndunarafl
Listræn tjáning



Samfélagið



Tilveran
Eigin gildi
Áskoranir



Samskipti



Gagnrýn hugsun



Náttúran



Líkaminn
Eigin gildi
Áskoranir

VAKA

Það er fjör að vaka lengi með skátavinunum. Getur þú vakið heilan sólarhring með þeim? Ef það tekst, hvaða breytingar hefur það á líkama og hug?

KRÖFUR

Til að fá færnimarkið „Vaka“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Vaka í 24 klukkutíma með flokknum þínum
- Á u.þ.b. tveggja tíma fresti yfir sólarhringinn vinnur flokkurinn að ákveðnum verkefnum sem reyna á líkamlega og andlega færni og færni í samskiptum
- Eftir hvert verkefni tekur flokkurinn stutt endurmat þar sem rætt er:
 - Hvernig gekk? hefði gengið betur ef hópurinn væri úthvöldur, hver væri munurinn?
 - Hvernig öllum líður, bæði andlega og líkamlega
- Eftir að 24 tímarnir eru liðnir takið endurmat þar sem rætt er
 - Er það þess virði að vera vakandi í 24 tíma? af hverju? af hverju ekki?
 - Hvernig líður fólki eftir sólarhringinn? eitthvað athyglisvert sem flokkurinn tók eftir
 - Tók flokkurinn eftir einhverjum samskiptaerfiðleikum yfir tímann?

Góð ráð

Skemmtilegt væri að nýta pödduleikinn/klemmuleikinn um nóttina, þá er hægt að sjá hver er með pödduna í hvert skipti sem dagskrárliður hefst.

Að taka persónulegt endurmat er mjög sniðugt eftir svona upplifanir, að ákveða sjálft hvað þér finnst um að vaka óháð skoðunum flokksins.



NETÖRYGGI

Merkið hét áður blogga en unnið er að breyttri lýsingu og kröfum fyrir merkið.



SOFA AÐ HEIMAN Í TVÆR NÆTUR

Fyrstu skrefin í þeirri leið að geta sofið að heiman. Með þessu merki sýnir skátinn að hann þorir að sofa að heiman, prófa nýjar aðstæður og upplifa spennuna sem fylgir því að gista á skátaviðburðum.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Að sofa að heiman í 2 nætur“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Að sofa samanlagt í gegnum þinn skátaferil 2 nætur. Nætur teljast svo lengi sem það er gíst yfir heila nótt og er hluti af skátaviðburði/skátastarfi. T.d skátamót, innilegur og jafnvel rekkaspilakvöldið sem stóð til morguns.
- Halda utan um næturnar á skipulagðan hátt.



Leiðtogafærni



Lausnaleit



Eigin gildi
Áskorun



SOFA AÐ HEIMAN Í 7 NÆTUR

Nú er skátinn orðin vanari að sofa að heiman og með því að vinna að þessu færnimerki safnar hann í dýrmæta reynslu. 7 nætur að heiman þýðir sjö mismunandi minningar og reynsla í ólíkum aðstæðum.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Að sofa að heiman í 7 nætur“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:



Leiðtogafærni



Lausnaleit



Eigin gildi
Áskorun

- Að sofa samanlagt í gegnum þinn skátaferil í 7 nætur. Nætur teljast svo lengi sem það er gíst yfir heila nótt og er hluti af skátaviðburði/skátastarfi. T.d skátamót, innilegur og jafnvel rekkaspilakvöldið sem stóð til morguns.
- Halda utan um næturnar á skipulagðan hátt.



SOFA AÐ HEIMAN Í 30 NÆTUR

Heill mánuður af svefni að heiman. Með því að vinna að þessu færnimarkerki ertu að sýna þrautseigju og njótir þess að takast á við ólíkar aðstæður.

KRÖFUR

Til að fá færnimarkerkið „Að sofa að heiman í 30 nætur“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:



Leiðtogafærni



Lausnaleit



Eigin gildi
Áskorun

- Að sofa samanlagt í gegnum þinn skátaferil í 30 nætur. Nætur teljast svo lengi sem það er gíst yfir heila nótt og er hluti af skátaviðburði/skátastarfi. T.d skátamót, innilegur og jafnvel rekkaspilakvöldið sem stóð til morguns.
- Halda utan um næturnar á skipulagðan hátt.



SOFA AÐ HEIMAN Í 100 NÆTUR

Með því að vinna að þessu færnimerki ertu að sýna seiglu og vilja til ævintýramennsku með því að sofa 100 nætur að heiman. Þú skapar óteljandi minningar og getur verið fyrirmynd annarra skáta sem eru að byrja sýn fyrstu ferðalög.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Að sofa að heiman í 100 nætur“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Að sofa samanlagt í gegnum þinn skátaferil í 100 nætur. Nætur teljast svo lengi sem það er gíst yfir heila nótt og er hluti af skátaviðburði/skátastarfi. T.d skátamót, innilegur og jafnvel rekkaspilakvöldið sem stóð til morguns.
- Halda utan um næturnar á skipulagðan hátt.



Leiðtogafærni



Lausnaleit



Eigin gildi
Áskorun



SOFA AÐ HEIMAN Í 365 NÆTUR

Þegar unnið er að þessu færnimerkni sýnir þú fram á einstakt afrek, að sofa að heiman í heilt ár. Þú öðlast mikla reynslu og sýnir ótrúlega þrautseigju, líklegt er að þú sofir í mjög mismunandi aðstæðum, kynnist náttúrunni frá öllum hliðum.

KRÖFUR

Til að fá færnimerknið „Að sofa að heiman í 365 nætur“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Að sofa samanlagt í gegnum þinn skátaferil í 365 nætur. Nætur teljast svo lengi sem það er gíst yfir heila nótt og er hluti af skátaviðburði/skátastarfi. T.d skátamót, innilegur og jafnvel rekkaspilakvöldið sem stóð til morguns.
- Halda utan um næturnar á skipulagðan hátt.



Leiðtogafærni



Lausnaleit



Eigin gildi
Áskorun



EVEREST

Göngur eru stór hluti skátastarfs. Sumir skátar hafa jafnvel klifið hæsta tind Íslands, Hvannadalshnjúk. En hvað þá? Þetta merki gerir þér kleift að fara hærra. Þetta merki setur saman allar þínar göngur innan skátastarfs og safnar þeim hæðum í eina tölu.

KRÖFUR

Til að fá færnimerkið „Everest“ þarftu að geta sýnt flokknum þínum og foringja eftirfarandi:

- Að ganga samanlagt í gegnum þinn skátaferil hæðina af Mt. Everest. (8.848 metrar).
- Halda utan um göngurnar á skipulagðan hátt.



Leiðtogafærni



Lausnaleit



Náttúran



Líkaminn
Áskoranir

